

MANNLÍF

Fréttir / Hönnun / Lífsstíll / Menning / Ísland / Heimurinn



GJAFABRÉF

Fylgir nýju
MacBook Air
keyptum hjá Epli
til 30. apríl 2019

EPLI

Gildir ekki með
öðrum afsláttum
eða tilboðum.

10.000 kr.

 **MacBook Air**

Verð frá: **219.990**

8. kynslóð dual-core Intel Core i5
með Turbo Boost allt að 3,6GHz

GULL | SILFUR | SVART

EPLI

FERMINGAR 2019



Vifa Reykjavík Lava Black
Kynnstu Reykjavík, minnsta Bluetooth hátalaranum frá Vifa

Verð: 26.990



Libratone ZIPP mini 2
Magnaður, þráðlaus hátalari frá Libratone. Léttur og einfaldur í notkun. Innbyggð, endurhlaðanleg rafhlaða. Þráðlaus tækni til að spila tónlist, jafnvel án WiFi nets.

Verð: 27.990

Litir: GRÁR



Libratone ZIPP 2
ZIPP 2 Er nýjasta viðbótin við þráðlausu hátalarana frá Libratone.

Verð: 39.990

Litir: CLOUDY GRAY



Marshall Kilburn II BT
Gengur fyrir rafhlöðu, yfir 20klst. rafhlöðuending. Ótrúleg hljómgæði. Þráðlaus Bluetooth 5.0 tækni í flaggskipi Marshall.

Verð: 49.990



Þráðlaus hleðslustöð
Einfaldlega sett í samband við USB hleðslutæki. Hægt að hlaða iPhone X, iPhone 8 eða aðra síma sem styðja þráðlausa Qi hleðslu.

Verð: 9.990

ROSE GOLD | DÖKKGRÁR



Þráðlaus hleðslustöð
Þessi frábæri hleðsluplatti frá Nomad gefur þér kost á að hlaða tvo síma þráðlaust (Qi hleðsla) í sama tíma.

Verð: 16.990



Nanoleaf
Nanoleaf eru stórskemmtilegar ljósapilötur, styður HomeKit.

Verð: 32.990



SteelSeries Nimbus
Þráðlaus leikjafjarstýring er frábær fyrir alla uppáhalds leikina þína á nýja Apple TV.

Verð: 7.990



LifePrint Printer 2x3
Lifeprint prentar út myndir sem lífna svo við í LifePrint appinu

Verð: 22.990



DJI Osmo Mobile 2 Motorized Stabilizer

Jafnvægisstöng fyrir myndatökur með sínum eða myndavélum

Verð: 19.990



WiFi Pera

Gefur mikla möguleika á lýsingu. 16 miljónir líta. Auðvelt í notkun.

Verð: 5.990



Apple tv

Nýjasta Apple TV er eitt sniðugasta smátækið á heimilið. Þú getur sleppt myndlyklinum og horft á sjónvarp í gegnum netið, t.d. með áskrift: 365. eða ókeypis með RÚV appinu.

Verð frá: 26.990

32GB - 32/64GB 4K



Compass Nylon bakpoki
Gerður úr léttu og mjúku nælonefni. Stíllanlegar, þægilegar axlaólar. Vandaðir rennilásar. Sér hólfi fyrir MacBook Pro, eða iPad allt að 15" stærð.

Verð: 11.990

SVARTUR | BLÁR



Albion bakpoki KNOMO LONDON
Vandaður og stílhreinn, nútímalegur leðurbakpoki. Þykkt og vandað leður. Innan í pokanum er mjúkt hólfi fyrir fartölvu, t.d. 13-15" stærð

Verð: 22.990

SVARTUR | BLÁR | BRÚNN



Flowerbud Imlampi

FlowerBud ilmlampi með innbyggðri lýsingu sem gefur frá sér raka. Hægt er að breyta í alls kyns liti fyrir afslappandi umhverfi.

Verð: 7.990



GoStick Selfie/Tripod m/fjartstýringu
Stíllanlegur þrífótur og stöng með Bluetooth fjarstýringu. Festing fyrir síma eða smátæki eins og GoPro.

Verð: 3.990



Fyrir Mannréttinda- dómstól Evrópu

Innlent 2

Nara Walker ætlar með mál sitt fyrir Mannréttindadómstól Evrópu.



Dýrt að veikjast á Íslandi

Innlent 4

Sláandi munur er á kostnaði við krabbameinsmeðferð á Íslandi og í Skotlandi.



Aðlögun fram undan í ferðaþjónustu

Fréttaskýring 6

WOW air er gjaldþrota og íslensk ferðaþjónusta mun þurfa að takast á við harða lendingu.



Svartasta sviðsmyndin verður að veruleika

Innlent 20

Staða íslensks hagkerfis var viðkvæm fyrir og fall WOW air er enn eitt bylmingshögg.

13. TÖLUBLAÐ 3. ÁRGANGUR

FÖSTUDAGURINN 29. MARS 2019

MANNNÍE

Fréttir / Hönnun / Lífsstíll / Menning



17 Viðtalið / Zainab Safari og réttindaráðið

„Hér er friður eins og ég hef aldrei upplifað áður“

Elín Richter, Sindri Bjarkason og Amíra Snærós Jabali ásamt skólasystkinum þeirra berjast nú fyrir því að skólasystur þeirra, Zainab Safari, og fjölskyldu hennar, verði ekki vísað úr landi. Fjölskyldan þráir að setjast hér að eftir líf á flótta en von hennar um mannsæmandi líf fer ört þverrandi.




BIRTINGUR EHF
Útgáfufélag - Síðumúla 28, 108 Reykjavík
s: 515 5500

Útgefandi og ábyrgðarmaður:
Halldór Kristmannsson
Framkvæmdastjóri:
Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir
Markaðsfulltrúar: Bjarni Þór Jenson,
Garðar Ingi Leifsson og Ásgeir Aron Ásgeirsson
Umbrot og hönnun: Ivan Burkni
Útgáfustjóri Mannlífs: Roald Viðar Eyvindsson
Aðstoðarútgáfustjóri Mannlífs:
Ragnhildur Aðalsteinsdóttir
Umsjónarmenn:
Hanna Ingibjörg Arnarsdóttir,
Sigríður Elín Ásmundsdóttir, Steingerður Steinarsdóttir
Kjarninn: Þóður Snær Júlíusson
Forsíða Mannlífs: Aldís Pálsdóttir
Auglýsingar: auglýsingar@birtingur.is
Prentun: Ísafoldarprentsmiðja
Dreifing: Póstdreifing




Ísafoldarprentsmiðja - Umhverfissvottun 141 825



Roald Viðar Eyvindsson
Útgáfustjóri
Ragnhildur Aðalsteinsdóttir
Aðstoðarútgáfustjóri
Magnús Geir Eyjólfsson
Fréttastjóri



Guðný Hrönn Antonsdóttir
Vefstjóri Mannlífs
Egill Páll Egilsson
Magnús Guðmundsson



Hanna Ingibjörg
Arnarsdóttir
Sigríður Elín
Ásmundsdóttir
Steingerður
Steinarsdóttir

BLAÐAMENN

Elín Brita Sigvaldadóttir, Bergþóra Jónsdóttir,
María Erla Kjartansdóttir, Folda Guðlaugsdóttir, Iris Hauksdóttir,
Svava Jónsdóttir, Sigrún Guðjohnsen, Steinar Fjeldsted

LJÓSMYNDARAR

Aldís Pálsdóttir yfirljósmyndari, Hallur Karlsson,
Hákon Davíð Björnsson

PRÓFÖRK

Guðný Þórarinsdóttir, Guðrður Haraldsdóttir, Ragnheiður Linnét

LUMAR ÞÚ Á FRÉTT?
Sendu ábendingu á
ritstjorn@mannlif.is.



Innlent

DÓMSMÁL

Texti / Magnús Geir Eyjólfsson

Ætlar með málið fyrir Mannréttindadómstólinn Fékk heimsókn frá forsetafrúnni í fangelsið

Nara Walker, áströlsk kona sem var dæmd í 18 mánaða fangelsi hérlendis fyrir að bita hluta tungunnar úr eiginmanni sínum, ætlar að freista þess að fá málið tekið upp hjá Mannréttindadómstól Evrópu. Hún gæti átt yfir höfði sér brottvísun eftir að afplánun lýkur. Þetta segir Jane Lumeah, móðir Nöru, en Fangelsismálastofnun hafnaði beiðni Mannlífs um að ræða við Nöru og var vísað til hagsmuna brotaþola, það er þáverandi eiginmanns hennar, við þá ákvörðun og þess hversu stór hluti refsingarrinnar er skilorðsbundinn.

Mál Nöru hefur vakið mikla athygli og söfnuðust vinir hennar saman fyrir utan fangelsið á Hólmsheiði þegar hún hóf afplánun og mótmæltu. Vinir Nöru í Ástralíu hófu undirskriftasöfnun til stuðnings henni sem um 43 þúsund manns hafa skrifað undir og sjálf hefur Jane skrifað bréf til forseta Íslands, forsætisráðherra og dómsmálaráðherra þar sem farið er fram á að dóttir hennar verði náðuð. Fjölskylda Nöru er sérstaklega gagnrýnin á niðurstöðu Landsréttar, sem þyngdi dóm héraðsdóms úr 12 mánuðum í 18, og gagnrýnir að ekki hafi verið tekið tillit til þess að hún hafi löngum sætt ofbeldi af hálfu eiginmanns síns. Hún hafi einnig sætt ofbeldi kvöldið aðdrifaríka líkt og áverkar á Nöru og vitnisburður gefa sterka til kynna. Sjálf er Jane sannfærð um að dóttir hennar hafi verið beitt óréttlæti. „Í öllum öðrum Schengen-löndum hefði frumkvæðismaðurinn að ofbeldinu, sá sem hefur beitt heimilisofbeldi árum saman, verið látinn bera sök á því sem átti sér stað þetta kvöld. Ég skil ekki hvers vegna áralangt heimilisofbeldi var ekki tekið til greina, að ekki hafi verið hlustað á dóttur mína. Ég er mjög leið yfir því.“

Mannréttindadómstóllinn næsta skref

Jane segir að fangelsisvistin hafi vissulega tekið á Nöru en að sama skapi hafi hún fengið tækifæri til að uppgötva sjálfa sig. „Hún hefur sagt að fangelsið sé í raun öruggara en hjónaband hennar. Hún hefur nýtt tímann vel, hún hefur skrifað, æft og málað. Hún fær að hringja í mig á Skype einu sinni í viku. Það er eins og veisla fyrir mér. Þegar við tölum saman sé ég að hún er að reyna að gera það besta úr stöðunni en ég sé líka að þetta er henni erfitt, að vera aðskilin frá vinum sínum, einangruð, ófrjáls.“

Jane segir að til að bæta enn á óvissuna hafi Nöru borist bréf þar sem henni var tilkynnt að hafið sé ferli um mögulega brottvísun úr landi eftir að afplánun lýkur. Slík niðurstaða gæti þýtt miklar hömlur á ferðafrelsi hennar í Evrópu, segir Jane sem býst þó við að Nara snúi aftur til Ástralíu eftir að hún hefur setið af sér dóminn. „Hún þarf tíma með fjölskyldu sinni til að jafna sig. Hún hefur lifað í samfelldum ótta undanfarna 17 mánuði. Hún hefur þurft að glíma við aukin einkenni áfallastreituröskunar, áralangt ofbeldi og nú síðast réttarhöldin sem virðast framlenging á misnotkuninni.“

Jane býst þó ekki við að hún verði heima lengi. Eitt af fyrstu verkum Nöru verði að fara með málið skrefi lengra, til Strassborgar. „Hún ætlar með málið til Mannréttindadómstóls Evrópu. Hún vill gera það, ekki bara sín vegna heldur einnig fyrir þær konur sem hafa þurft að ganga í gegnum sömu reyndu. Hún vill að lögin veiti konum sem hafa þurft að sæta heimilisofbeldi meiri vernd.“

Fékk heimsókn frá forsetafrúnni

Þrátt fyrir að dvöl Nöru á Íslandi hafi verið þyrnum stráð segir Jane hana tala vel um land og þjóð. Hér hafi hún eignast góða vini og fengið stuðning úr mörgum ólíkum áttum. „Hún hefur fengið stuðning frá mörgu dásamlegu fólki. Til dæmis þeim sem mættu fyrir utan fangelsið og forsetafrúnni, Elizú Reid, sem heimsótti hana sem almennur borgari, þessir hlutir skipta hana svo miklu máli. Nara hafði hitt forsetafrúna áður en hún var sakfelld og ég brast í grát þegar ég heyrði að hún hefði heimsótt hana. Það er svo mikil viðurkenning fyrir dóttur mína og endurspeglar það sem er svo gott við Ísland. Ég og Nara erum svo þakklátar fyrir þann stuðning sem okkur hefur verið sýndur, bæði á Íslandi og annars staðar.“

Nara Walker.

„Hún hefur sagt að fangelsið sé í raun öruggara en hjónaband hennar.“

Ítarlegra viðtal við Jane verður birt á Mannlif.is um helgina.



Lagersala

28. mars - 3. apríl



Allt að 80% afsláttur

Fullorðnir



Vík peysa
—14.000 kr.— 4.200 kr.



Laugavegur Neoshell jakki
—48.000 kr.— 33.600 kr.



Snæfell vegan parka
—59.000 kr.— 47.200 kr.



Staðarfell jakki
—32.000 kr.— 19.200 kr.



Valtran peysa
—12.500 kr.— 6.250 kr.



Heiðmörk regnjakki
—28.000 kr.— 16.800 kr.



Arnarhóll úlpa
—29.000 kr.— 14.500 kr.



Gola derhúfa
—2.900 kr.— 1.160 kr.



Snæfell vegan parka
—59.000 kr.— 47.200 kr.



Gola bolur
—4.900 kr.— 1.960 kr.



Vindur peysa
—9.500 kr.— 3.800 kr.



Gunnar peysa
—22.000 kr.— 15.400 kr.

Krakkar



Mímir regnjakki
—5.500 kr.— 3.200 kr.



Sindri samfella
—3.500 kr.— 1.750 kr.



Bragi dúnúlpa
—34.900 kr.— 24.430 kr.



Loki peysa
—6.500 kr.— 4.550 kr.

Vinsamlegast athugið að verð á lagersölu á aðeins við ákveðnar vörur og liti af vörum í vörulínu okkar. Verð á lagersölu geta lækkað meðan á lagersölu stendur.

Útsölumarkaður | Faxafeni 12 | 108 Reykjavík
Skipagata 9 | 600 Akureyri

Opnunartími á lagersölu: fim-fös 9-21 | lau. 10-21 | sun. 12-21
Opnunartími á lagersölu: fim-fös 10-18 | lau. 11-17 | sun. 12-17

Valdar vörur á afslætti í vefverslun okkar: 66north.is



Samkvæmt nýrri reglugerð sem tók gildi í maí 2017 greiðir almennur notandi í heilbrigðiskerfinu að hámarki 69.700 kr. á tólf mánaða tímabili og aldrei meira en 24.600 kr. á mánuði.

ASÍ taldi þakið of hátt og hvatti ríkisstjórnina til að standa við fyrirheit um 50.000 króna þak á kostnað sjúklinga og benti á að tími hjá kvensjúkdómalækni hækki úr 8.900 krónum í rúmar 12.000 krónur. Þá hækki hlutur sjúklinga fyrir tíma hjá háls-, nef- og eyrnalækni úr rúmum 2.000 krónum í 9.800 krónur.

Heildarútgjöld til heilbrigðismála á Íslandi árið 2016 námu samkvæmt bráðabirgðatölum 8,6% af vergri landsframleiðslu (VFL) ársins, þar af var 7,1% af VLF fjármagnað af hinu opinbera og 1,5% af heimilum landsins. Voru heildarútgjöld til heilbrigðismála að meðaltali 9,0% af VLF í ríkjum OECD.

Kostnaður

Samantekt á kostnaði Lindu

- 1. desember 2018: Heimsókn til heimilislæknis á Egilsstöðum. 1.200 kr.
3. desember 2018: Heimsókn til kvensjúkdómalæknis á Norðfirði. 6.788 kr.
15. desember: Klínísk rannsókn á brjósti í Domus Medica. 15.323 kr.
20. desember 2018: Tími hjá heimilislækni til að fá niðurstöður klínískar rannsóknar sem leiddi í ljós brjóstakrabbamein. 0 kr. (komin í þak)
26. desember – 4. janúar 2019: Íbúð hjá AFL sem neitaði að endurgreiða þegar fjölskyldan fékk óvænt íbúð hjá Krabbameinsfélaginu. Krabbameinsfélag Austurlands styrkti fjölskylduna um þessa upphæð að lokum. 34.649 kr.
27. desember: Viðtal á Brjóstamiðstöðinni. 0 kr. (komin í þak)
30. desember: Viðtal við lækni hjá Læknavakt vegna andlegrar líðan eftir greiningu. 1.993 kr.
30. desember: Lyf til að aðstoða við svefn eftir greiningu. 1.317 kr.
2. janúar 2019: Myndtaka á brjóstum á Landspítala. Myndataka og nánari ómskoðun hjá Leitarstöð krabbameinsfélagsins. 5.350 kr.
22. janúar 2019: Varðeitlaskanni til að staðsetja eitla fyrir aðgerð. 0 kr.
24. janúar 2019: Fleygskurður og eitlataka. á Landspítalanum. 0 kr. Þurfti að kaupa verkjalyfin sjálf.
24. janúar 2019: Gjöld fyrir vefjasýni á æxli sem var tekið í aðgerð. 2.700 kr.
12. febrúar 2019: Fyrsta viðtal við krabbameinslækni. 4.350 kr.
1. febrúar: Lyf vegna IVF-meðferðar. 16.295 kr.
13. febrúar: Endajaxlataka vegna yfirvofandi lyfjameðferðar. 80.000 kr.
19. – 25 feb: Íbúð á vegum Krabbameinsfél./Barnspítala Hringis. 11.000.
20. feb: IVF-frjósemisaðg. 143.400 kr. (Styrkur 27.500 kr. eftir skatt frá BHM).
22. feb: Aðgerð þar sem lyfjabrunnar var settur í Lindu. 0 kr.
25. feb: Lyf eftir lyfjagjöf til að halda niðri aukaverkunum. Velgjulyf, sterar og sprautu sem hjálpa eiga hvítum blóðkornum. 998 kr.
26. feb: Lyf til að aðstoða við svefn eftir lyfjagjöf. 2.000 kr.
1. mars: Lyf vegna beinverkja sökum lyfjameðferðar. 1.297 kr.
11. mars: Milliblóðprufa til að ath. stöðu á hvítum blóðkornum. 1.950 kr.
14. mars: Tölvusneiðmyndataka á Landspítalanum. 0 kr.
15. mars: Viðtal við sálfræðing hjá Landspítalanum. 11.000 kr.
18. mars: Lyf aukaverkunum lyfjagj. Velgjulyf, sterar og sprautu sem hjálpa eiga hvítum blóðkornum. 1.714 kr.
20. mars: Histasín og magalyf v. auka-verkana við sprautu eftir lyfjagjöf. 2.318 kr.
25. mars: Lyf vegna sára í slím. Lyf vegna beinverkja v. lyfjameðferðar ofl. 3.564 kr.
Alls: 379.661 kr.
Linda fær 77.000 kr. í styrk á ári fyrir hárhjálpatæki. Strykur er langt kominn nú þegar. Tattú á augabrúnnir vegna mögulegs hármisssir. 56.000 kr. Hárkollur pantaðar á Netinu 6.000 (þær kosta um 100.000 hér á landi). Klútar. 5. 661 kr.
Linda leggur út fyrir kostnað f. flugi. Tryggingastofnun endugr. flug hennar og eiginmannsins en ekki barnanna. Oft þarf að biða vikum saman eftir endurg.

Dýrt að veikjast á Íslandi

Sláandi munur er á kostnaði vegna krabbameinsmeðferða á Íslandi og í Skotlandi. Tvær íslenskar konur sem hafa sótt læknismeðferð vegna krabbameins annars vegar í Reykjavík og hins vegar í Edinborg greina frá þessu. Á meðan konan á Íslandi hefur orðið að greiða yfir 800 þúsund krónur, hefur sú í Skotlandi ekki þurft að bera neinn beinan kostnað af meðferðinni.

Texti / Egill Páll Egilsson



Sláandi munur er á kostnaði vegna krabbameinsmeðferða á Íslandi og í Skotlandi.

Linda Sæberg Þorgeirsdóttir og Ingibjörg Rósa eru ungar konur sem greindust sama dag með brjóstakrabbamein, þann 20. desember. Þær hafa haldið sambandi hvor við aðra á Instagram og leyft fylgjendum sínum að fylgjast með baráttu sinni við þennan erfiða sjúkdóm.



Linda Sæberg Þorgeirsdóttir.

Saga þeirra er að mörgu leyti lík, báðar hafa farið í fleygskurð þar sem meinin voru fjarlægð, eru búnar með tvær lyfjagjafir af sex og síðan taka við 15 geislameðferðir; saga þeirra eru aftur á móti sögð hvor af sínu sviðinu. Ingibjörg Rósa býr í Edinborg í Skotlandi og fellur því undir skoska NHS-heilbrigðiskerfið sem er gjaldfrjálst. Hún hefur því ekki greitt krónu fyrir þá heilbrigðisþjónustu og lyfjameðferðir sem hún hefur þurft á að halda. Öðru máli gegnir um Lindu Sæberg. Hún býr á Egilsstöðum og eins og fram kemur hér til hliðar eru fjáruhlát hennar umtalsvert hærri, eða yfir 800 þúsund krónur frá greiningu.

Linda viðurkennir í samtali við Mannlíf að það hafi aldrei hvarflaði að sér þegar hún fékk greininguna að hún þyrfti að leggja út fyrir svo miklum kostnaði. „Ég hélt að ég þyrfti bara að mæta og láta mér batna,“ segir hún og bætir við að hún eyði dýrmætri orku í hluti

sem hún ætti alls ekki að þurfa hugsa um. „Ég viðurkenni alveg að mesta orkan og áhyggjurnar fara í pappíra, umsóknir, fjármál og þess háttar.“

Sérstaklega íþyngjandi fyrir Lindu eru öll ferðalögin á milli Egilsstaða og Reykjavíkur en hún hefur þurft að dvelja í Reykjavík alls sex sinnum frá greiningu. Allt frá fjórum nóttum upp í tvær vikur. „Ég á tveggja og tólf ára börn og stuðningsnetið mitt er ekki hér fyrir austan. Yngri sonur minn fylgir okkur því alltaf og eldri stelpa kemur þegar við erum að fara í lengri ferðir með aðgerðum, lyfjameðferðum og slíku. Annars hefur hún gisti hjá bekkjarsystur sinni til að missa sem minnst úr skóla,“ útskýrir hún.

Linda segir að vel hafi verið haldið utan um sig eftir greininguna og eftirfylgni verið til fyrirmyndar og tekur sérstaklega fram að sálfræði- og ráðgjafarþjónusta Krabbameinsfélagsins hafi stutt mjög vel við bakið á sér og fjölskyldunni. „Ég hef líka hitt sálfræðing eftir greiningu í Reykjavík enda enginn sálfræðingur á mínu svæði. Hún hefur ekki viljað þiggja greiðslu fyrir okkar hittinga heldur óskað þess að ég nýti þá frekar í að gera eitthvað gott fyrir sjálfa mig.“

Allt ókeypis í Skotlandi

Ingibjörg Rósa býr í 45 mínútna akstursfjarlægð frá spítalanum sem þjónustar hana í Edinborg og eini kostnaðurinn sem hún þarf að leggja út fyrir er fyrir strætó- og leigubílaferðum. Auk þess sækir hún ráðgjöf og þjónustu. „Ég fæ ýmsa ráðgjöf og þjónustu í sérstakri



Ingibjörg Rósa.

ráðgjafarþjónustu fyrir sjúklinga með krabbameinsgreiningu og aðstandendur sem líkja má við ráðgjafamiðstöðina í Skógarhlíð en þessi þjónusta er nálægt spítalanum. Þar er t.d. hægt að fá leiðsögn um fjármál og möguleika á bótum og styrkjum, aðstoð við útfyllingu umsókna, sækja fræðslufundi um hármisssir og förðunarkennslu, mæta í slökunartíma, jóga og hugleiðslu og sækja stuðningsfundi með öðrum í svipuðum sporum. Alltaf boðið upp á kaffi, te og snarl og allt ókeypis,“ segir Ingibjörg Rósa og bætir við að það muni miklu að fá allt greitt.

„Ég myndi ekki vilja þurfa að velja milli þess að fá ógledilyf, ná upp hvítu blóðkornunum milli lyfjagjafa eða geta borðað næringarríkan mat meðan á meðferðinni stæði. En á Íslandi þyrfti ég sennilega að fórna einhverju af þessu vegna mikils kostnaðar.“



„Ég viðurkenni alveg að mesta orkan og áhyggjurnar fara í pappíra, umsóknir, fjármál og þess háttar.“

Samantekt á kostnaði Ingibjargar

- Í breska heilbrigðiskerfinu, NHS, eru engin komugjöld á heilsugæslustöðvar og ekki þarf að borga fyrir myndatökur, blóðprufur eða lyfseðla. Lyfseðilsskyld lyf í Englandi, þar sem Ingibjörg Rósa bjó áður, kosta að hámarki 1.500 kr. hver skammtur. Í Wales, Skotlandi og á Norður-Írlandi eru öll lyfseðilsskyld lyf ókeypis, þ.e. að fullu greidd niður af NHS. Ingibjörg Rósa býr í Edinborg og er því í NHS Scotland kerfinu.
2. nóvember 2018: Heimsókn til heimilislæknis sem pantar skoðun á brjóstakrabbameinsdeild Western General Hospital. 0 kr.
13. desember: Viðtal við sérfr. Myndataka, ómun og vefjasýnataka. 0 kr.
20. des: Viðtal við sérfr. þar sem Ingibjörg fékk greiningu, viðtal við khjúkrunarfræðing í kjölfarið. 0 kr.
24. des: Ómun á eitlum í holhönd, vefjasýnataka, viðtal við sérfr. með nánari niðurst. á tegund krabbam. 0 kr.
3. janúar 2019: Viðtal við sérfr., niðurst. úr vefjasýnum, meðferð ákveðin grófl. og aðgerðardagur ákveðinn. 0 kr.
16. janúar 2019: Forskoðun vegna aðgerðar, blóðprufur teknar. 0 kr.
18. jan: Fleygskurður á vinstra brjósti, dvöl á sjúkrahúsi í 8 klukkutíma. 0 kr.
23. jan: Viðtal hjá sérfr. á frjósemislækningad. Royal Infirmary, RI. Eggjastokkar ómaðir og blóðprufa tekin. 0 kr.
30. jan: Sálfræðiráðgjöf hjá frjósemislækningadeild RI. 0 kr.
1. feb: Heimsókn á brjóstalækningad. vegna gruns um vökvæðingunni í brjósti, stutt skoðun og umbúðaskipti. 0 kr.
7. feb: Eftirskoðun og framvísun til krabbameinslæknis til að ákveða framhald meðferðar. 0 kr.
14. feb: Viðtal við krabbameinslækni, kostir skoðaðir og lyfjameðferð skipulögð. Blóðprufur teknar og farið yfir heilsufarssögu. 0 kr.
23. feb: Hárkollu ávísad af NHS. 0 kr.
25. feb: Skoðun hjá tannlækni vegna fyrirhugaðrar lyfjameðferðar. 0 kr.
26. feb: Hjartaómun á WGH vegna fyrirhugaðrar lyfjameðferðar. 0 kr.
27. feb: Blóðpr. á heilsugæslustöð v. fyrirhugaðrar lyfjagjafar. Steralyf. 0 kr.
1. mars: Fyrsta lyfjagjöf. Send heim með meiri stera, ógledilyf og 10 sprautur til að örva beinmerg. 0 kr.
4. mars 2019: Skoðun á krabbameinsmeðferðarefirliti WGH. Teknar blóðprufur. Fer heim eftir 5 klst. bið eftir niðurst., send heim með lyf við sveppasýkingu og hægðalyf. 0 kr.
5. mars: Skoðun á brjóstakrabbameinsdeildina á WG til að skoða annan skurðinn. 0 kr.
14. mars: Heimsókn til heimilislæknis vegna kinnholusýkingar og mög. aukaverkana, sett á 5 daga sýkla-lyfjakúr og send heim með stera-krem og krem við sveppasýkingu. 0 kr.
20. mars: Blóðprufur á heilsugæslustöð vegna fyrirhugaðrar lyfjagjafar. Steralyf til undirbúnings. 0 kr.
22. mars: Önnur lyfjagjöf. Send heim með stera, ógledilyf og 10 sprautur til að örva beinmerg, meiri hægðalyf, munnskól vegna slímhúðarbólgu og kódeinlyf við beinverkjum. 0 kr.
Ingibjörg býr í 45 mín. akstursfjarlægð frá spítala og fjárfesti í mánaðarkorti í strætó, rúmar 9.000 krónur en á rétt á endurgreiðslu af hluta af kostnaði.
Ingibjörg hefur tekið leigubíl 4 sinnum á sjúkrahúsi og er kostnaður

OPÍÐ Á
SUNNUDÖGUM Í
DORMA SMÁRATORGI

DORMA

Láttu drauminn rætast

Vikutilboð

28. mars til 3. apríl



BOGGIE

Stóll og
3ja sæta
sófi

KLASSÍSK
hönnun

25%
AFSLÁTTUR
BOGGIE

Slitsterkt áklæði. Blár, grár, brúnn og rauður.
Stóll fánlegur í sömu litum. Stærð sófa: 186 x 77 cm, H: 85 cm.
Fullt verð á sófa : 99.900 kr. Fullt verð á stóll : 54.900 kr.

Þriggja sæta sófi Aðeins **74.925 kr.** Stóll Aðeins **41.175 kr.**



VIKUTILBOÐ
25%
AFSLÁTTUR

TAMPA

tungusófi

Ljós- eða dökkgrátt slitsterkt áklæði.
Hægri eða vinstri tunga.
Stærð: 240 x 143 cm
Fullt verð: 129.900

Aðeins **97.425 kr.**



VIKUTILBOÐ
20%
AFSLÁTTUR

TAMPA

u-sófi

Ljós- eða dökkgrátt slitsterkt áklæði.
Hægri og vinstri tunga.
Stærð: 315 x 215/143 cm.
Fullt verð: 209.900 kr.

Aðeins **167.920 kr.**



VIKUTILBOÐ
20%

AVIGNION

hægindastóll

Stillanlegur
hægindastóll með
innbyggðum skemli.
Dökkgrátt PVC-leður.
Fullt verð: 129.900 kr.

Aðeins **103.920 kr.**

DORMA

hægindastóll

Hægindastóll með
klassísku sniði. Ljós- og
dökkgrátt, slitsterkt áklæði.
Fullt verð: 29.900 kr.

Aðeins **20.930 kr.**

VIKUTILBOÐ
30%
AFSLÁTTUR



Smátorgi, Reykjavík
Smátorgi, Kópavogi

Dalsbraut 1, Akureyri
558 1100
Skeiði 1, Ísafirði
456 4566

Verð og vöruupplýsingar í auglýsingunni eru birtar með fyrirvara um prentvillur.

DORMA

Láttu drauminn rætast



Kjarninn

FRÉTTASKÝRING



Hörðlending

Uppgangurinn í ferðaþjónustunni hefur verið ævintýri líkastur á undanförunum árum.

Óhætt er að tala um að gengið hafi verið hratt um gleðinnar dyr í greininni. Víða er nú hagræðing í kortunum og útlit fyrir samdrátt í komu ferðamanna til landsins á þessu ári. Það er ekki aðeins gjaldþrot WOW air í gær sem er til merkis um breytta tíma, heldur einnig fleiri þættir. Hvernig sköpuðust þessar aðstæður? Hvað er fram undan?

A F S L Á T T U R

AF SÍÐUSTU EINTÖKUNUM AF ELDRI MÓDELUM



ELMER 3JA SÆTA SÓFI KR. 203.800
NÚ KR. 163.000

* ATH. LITUR Á SÓFA AÐEINS DEKKRI EN Á MYND

VIÐ RÝMUM FYRIR NÝJUM SÓFUM



VERA 3JA SÆTA SÓFI KR. 212.400
NÚ KR. 169.920



ASTRIX 3JA SÆTA SÓFI KR. 276.900
NÚ KR. 221.520



SALMA 3JA SÆTA SÓFI KR. 204.000
NÚ KR. 163.200



CHESTER SÓFI KR. 194.900
NÚ KR. 136.430

LÍNAN

BÆJARLIND 14 - 16 | 201 KÓPAVOGI
SÍMI 553 7100 | LINAN.IS [f](#) / linanehf [t](#) / linan.is
Opið mánudaga - föstudaga 11 - 18 / Laugard. 11 - 16



kjarninn

FRÉTTASKÝRING

Í nóvember 2011 stofnaði Skúli Mogensen WOW air. Seint í þeim mánuði opnaði Jóna Lovísa Jónsdóttir, prestur og fitnessmeistari, miðasöluvef fyrirtækisins og 31. maí 2012 fór það í jómfrúarflug sitt til Parísar. Strax í byrjun var ljóst að Skúli Mogensen, maðurinn á bak við WOW air og eini eigandi fyrirtækisins, ætlaði sér að fara óhefðbundnar leiðir. Ástæða þess að hann fékk Jónu Lovísu til að hefja starfsemina var sú að Skúli vildi brjóta upp þá hefð að ráðamenn væru fengnir til slíkra verka. WOW air hefði viljað leita til einhvers sem hefði dugnað, kjark og þor til að ögra sjálfum sér og viðteknum venjum. Það yrði líka leiðarljós WOW air í starfsemi fyrirtækisins. Starfsemi sem lauk í gærmorgun með gjaldþroti.

Á þessum tíma var efnahagur landsins byrjaður að taka kröftuglega við sér eftir hrun fjármála-kerfisins og dramatískan tíma í þjóðlífinu, ekki síst eftir að eldgos hófst í Eyjafjallajökli í apríl 2010 og olli gífurlega kostnaðarsamri röskun á flugi í Evrópu, vegna óskunnar sem fauk yfir álfuna. Ísland var á þessum tíma sífellt í fréttum og á sjónvarpsskjám og líklega hefur landið aldrei fengið aðra eins auglýsingu á erlendum vettvangi, þó að margir hafi verið æfir vegna þess hve mikil áhrif gosið hafði á flugumferð.

Gos og betri tíð

Það eru margir sem rekja upphafið að miklum uppgangi í íslenski ferðaþjónustu sérstaklega til þessa atburðar, án þess að það sé hægt að fullyrða mikið um hversu stóran þátt hann átti í því að kveikja áhuga fólks erlendis á Íslandi. Hvað sem það var sem kveikti neistann, þá upphófst tímabil í ferðaþjónustunni sem var með ólíkindum gróskumikið. WOW air varð til við upphaf þess tímabils og varð líka nokkurs konar birtingarmynd þess uppgangs sem átti sér stað. Reksturinn var erfiður til að byrja með og á fyrstu þremur rekstrarárum sínum tapaði WOW air samtals 1,7 milljörðum króna. Á árinu 2015 varð hins vegar viðsnúningur þegar WOW air hagnaðist um 1,1 milljarð króna. Í viðtali við fréttir Stöðvar 2, þegar þessi niðurstaða lá fyrir, sagði Skúli að „í öllum mínum samskiptum við reynslubolta að utan þá hafa þeir verið mjög imponeraðir nánast frá fyrsta degi með það sem við höfum verið að gera. Það hefur ávallt verið hvatningin frekar heldur en að hlusta á svart-sýnisröflið á Íslandi.“

Í lok árs 2016 var Skúli svo valinn viðskiptamaður ársins, eftir að hafa lent í öðru sæti árið 2015. Hann virtist vera að finna nýja leið til þess að



Slök afkoma Icelandair gerði það að verkum að það virkjuðust ákvæði gagnvart eigendum skuldabréfaflokka félagsins sem ekki tókst að endursemjja við.

„Nú er WOW air farið á hausinn. Og framundan er samdráttur í ferðaþjónustu, miðað við árið í fyrra, sem var þó eftir sem áður enn eitt metárið í geiranum.“

takast á við hinn gamalgróna flugrekstrarheim og lét hafa eftir sér í erlendum fjölmiðlum í upphafi árs 2017 að hann sæi fyrir sér að það yrði ókeypiss að fljúga í framtíðinni. Tekjurnar kæmu frá sölu á hótelingingu, leigu á bílum og annarri aukapjónustu.

Og WOW air var ekki hætt. Fyrirtækið skilaði metagnaði árið 2016, alls 4,3 milljörðum króna. Skúli fór í viðtal til Björns Inga Hrafnssonar í sjónvarpsþættinum Eyjunn, sem er ekki lengur til, snemma árs 2017. Þar ræddu þeir meðal annars það markmið WOW air að verða stærra en Icelandair. Skúli sagði að það væru verulegar líkur á því að WOW air yrði með fleiri farþega strax árið eftir. WOW air var þá að undirbúa að taka inn breiðbotur í starfsemi sína og fljúga lengri flugleggi, sem hafði ekki verið hluti af kjarnastarfsemi WOW air fram að þeim tíma.

Í viðtalinu lét Skúli þetta líka flakka: „... það er ágætt að stefna að því að verða Íslandsmeistari en ég hef miklu meiri áhuga á að verða heimsmeistari. Þess vegna er ég að horfa á Norwegian með þeirra 155 vélar og þeir verða með 178 vélar á næsta ári. Þannig að þegar við erum að bera okkur saman við önnur flugfélög þá erum við að horfa á fremstu laggjaldafélögin í heiminum og læra af þeim og skoða hvernig þau vaxa og hvaða ákvarðanir þau taka. Fyrir vikið erum við að fara erlendis líka. Það er afleiðing af því, að við erum að verða stærri en Icelandair, en það er ekkert markmið í sjálfu sér.“

Samdráttur í kortunum

Nú er WOW air farið á hausinn. Og framundan er samdráttur í ferðaþjónustu, miðað við árið í fyrra, sem var þó eftir sem áður enn eitt metárið í geiranum. Um 2,5 milljónir ferðamanna heimsóttu landið miðað við 2,3 milljónir 2017.

Gjaldeyrstekjur sem erlendir ferðamenn færa þjóðarþjónu á hvert eru metnar á yfir 500 milljarða, miðað við stöðu mála eins og hún var í fyrra. Engin atvinnugrein kemst nærri ferðaþjónustunni hvað þetta varðar og er hún nú orðin mikið burðarvirki í hagkerfinu. Stærsta stöðin undir íslenska efnahagskerfinu.

Ef horft er aftur til ársins 2010 þá voru gestir árlaga 450 þúsund og gjaldeyrstekjur vegna ferðaþjónustu aðeins um 20 prósent af því sem þær eru nú. Það er ekki aðeins mikil fjölgun sem hefur skipt máli heldur einnig mikil gróska í uppbyggingu ýmissar þjónustu, svo sem veitinga- og gistiþjónustu.

Það er til marks um miklar breytingar á undanförunum árum hversu mikið landsmönnum hefur fjölgað.

Hinn 1. janúar 2010 bjuggu 317.600 á Íslandi en 1. janúar á þessu ári var fjöldinn kominn upp í 356 þúsund. Á þessum átta ára tíma hefur landsmönnum því fjölgað um tæplega 40 þúsund manns. Þar af hefur vinnumarkaðurinn stækkað um 20 þúsund einstaklinga og telur hann nú um 203 þúsund.

Í tölum Hagstofu Íslands hefur mátt sjá að stór hluti nýrra starfa hefur verið í ýmsum störfum innan ferðaþjónustunnar og byggingariðnaði. Um 75 prósent nýrra skattgreiðenda á undanförunum árum hafa verið innflytjendur sem hafa komið hingað til lands til að vinna hin ýmsu störf, ekki síst innan ferðaþjónustunnar. Að þessu leyti má segja að uppgangstíminn í ferðaþjónustunni hafi ekki aðeins

styrkt hagkerfið, almennt, heldur ekki síður haft víðtæk samfélagsleg áhrif þar sem hlutur innflytjenda af heildarfjölda hefur vaxið hratt.

Of dökk mynd?

Vaxtarverkir fylgja gjarnan hraðri uppbyggingu í heilum atvinnugreinum og það hefur verið raunin með ferðaþjónustuna. Sérstaklega hafa verkalyðsfélög og stéttarfélög kvartað undan því að sá mikli straumur erlendra starfsmanna sem komið hafi til

landsins á undanförunum árum, hafi verið það mikill að

ekki hafi tekist að passa upp á að fólkið njóti réttinda sem það á að njóta.

Þetta hefur meðal annars verið meðal þess sem fólk í forsvari fyrir stéttarfélögin hefur nefnt að sé mikilvægt að uppræta með öllu. Í þeim hörðu kjaraviðræðum og verkfalls-

Skúli Mogensen.

Uppáhaldsdrykkur Ragnheiðar Gröndal er GingerLove

Lifraent og ómóttstæðilegt GingerLove fæst í Heilsuhúsinu, Hagkaup, Melabúðinni, Fjarðarkaup, Heimkaup og í fjölmörgum apótekum og völdum útsölustöðum um land allt.

engifer appelsínur sitróna

abel heilsuvörur BÍO RÁV VEGAN

STAR WARS™

A NEW HOPE
Á BÍÓTÓNLEIKUM



KVIKMYNDIN MEÐ LIFANDI TÓNLIST

SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS

HLJÓMSVEITARSTJÓRI TED SPERLING

3., 4. OG 5. APRÍL

MÍÐASALA Á SINFONIA.IS OG HARPA.IS

TÓNLIST EFTIR **JOHN WILLIAMS**

PRESENTATION LICENSED BY



IN ASSOCIATION WITH 20TH CENTURY FOX, LUCASFILM AND WARNER /CHAPPELL MUSIC.
© 2019 & TM LUCASFILM LTD. ALL RIGHTS RESERVED © DISNEY



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS



kjarninn

FRÉTTASKYRING

aðgerðum hafa spjótin ekki síst beinst að ferðaþjónustunni og útlit fyrir að þær aðgerðir haldi áfram. Þannig hefur óánægja með lág laun ekki síst verið hjá starfsfólki ferðaþjónustufyrirtækja.

Þrátt fyrir að nýjustu tölur bendi til þess að samdráttur verði í komu ferðamanna til landsins á þessu ári þá er ekki þar með sagt að alvarleg staða sé komin upp. Ferðamannafjöldinn gæti orðið svipaður á þessu ári og hann var á árunum 2017 og 2018. Erfiðleikar hjá flugfélögum geta sett strik í reikninginn.

WOW tapar dauðastríðinu

Þeir erfiðleikar hafa verið að gerjast í tvö ár. Mikil og skörp hækkan á heimsmarkaðsverði á olíu, áframhaldandi styrking krónunnar og gríðarlega hörð samkeppni gerði öllum sem kepptu á markaðnum erfitt fyrir strax árið 2017.

Áhrifin á WOW air voru mikil. Fyrirtækið tapaði 2,4 milljörðum króna á árinu 2017 og um mitt ár 2018 átti fyrirtækið of lítið eigið fé til að takast á við þá stöðu sem var uppi. Icelandair skilaði hagnaði það árið en hann var 58 prósent lægri en árið áður. Munurinn var þó sá á fyrirtækjunum tveimur að Icelandair átti mikið eigið fé til að takast á við sveiflur og til að leiðrétta mistök sem það hafði gert í breytingum á rekstrarmódeli sínu.

Eins og greint hefur verið frá undanfarna mánuði þá hefur WOW air verið í lífróðri mánuðum saman. Í raun hafði starfsemi félagsins dregist saman um helming áður en það hætti loks starfsemi, frá því hún var umfangsmest, en þá var félagið að flytja til landsins 600 til 700 þúsund erlenda ferðamenn á ári. Í stað þess að verða heimsmeistari og stækka flota sinn upp í á annað hundrað vélar, hefur fyrirtækið þurft að draga skarpt saman seglin. Vélunum sem það notaði hafði fækkað úr 24 í 11. Þar af voru tvær kyrrsettar í liðinni viku og enn fleiri á miðvikudagskvöld.

Í upphafi liðinnar viku tóku hluti kröfuhafa WOW air síðan fyrirtækið yfir. Hlutfé Skúla Mogensen átti að afskrifa að öllu leyti með þeirri aðgerð en hann átti að geta haldið litlum hlut vegna þess að Skúli tilheyrði líka hópi kröfuhafa. Enn átti þó eftir að hnyta marga lausa og erfiða enda í þeirri vegferð, meðal annars með því að semja við aðra kröfuhafa fyrirtækisins og að sannfæra einhvern um að koma með nýtt hlutfé, um fimm milljarða króna hið minnsta, inn í reksturinn. Það náðist ekki og WOW air skilaði inn flugrekstrarleyfinu í gærmorgun.

”

„Icelandair hefur einnig gengið í gegnum töluverða erfiðleika að undanfögnu og tap félagans á síðustu þremur mánuðum síðasta árs upp á 6,8 milljarða króna.“



Bogi Nils Bogason, forstjóri Icelandair Group.

Hvernig sem færi hjá WOW air þá var staða félagsins þegar búin að taka það miklum breytingum á skömmum tíma, að töluvert högg var þegar komið á ferðaþjónustuna. Það mun koma í ljós í sumar, hversu mikið það verður, en yfirleitt skýrist bókunarstaðan fyrir háannatímamann ekki endanlega fyrr á vormánuðum, þar sem sífellt algengara er að ferðamenn bóki sér frí með skömmum fyrirvara.

Icelandair glímur við annars háttar vanda

Icelandair hefur einnig gengið í gegnum töluverða erfiðleika að undanfögnu og tap félagsins á síðustu þremur mánuðum síðasta árs upp á 6,8 milljarða króna gefur vísbendingu um harða samkeppni í flugiðnaði í heiminum um þessar mundir.

Slök afkoma Icelandair gerði það að verkum að það virkjuðust ákvæði gagnvart eigendum skuldabréfaflokka félagsins sem ekki tókst að endursemla við. Því fékk Icelandair um tíu milljarða króna að láni frá ríkisbankanum Landsbankanum í byrjun árs 2019 til að gera upp við þá. Í raun var Landsbankinn að taka yfir þann hluta fjármögnunar Icelandair vegna þess að skuldbréfaeigendurnir vildu ekki halda á henni lengur.

Undanfarnir mánuðir hafa líka leitt af sér aðrar ófyrirséðar áskoranir og bann við notkun á 737 Max 8-vélum Boeing, eftir hörmuleg flugslys í Indó-

nesíu og Eþíópíu sem urðu samtals 346 að bana, öllum um borð í báðum vélum, hefur haft neikvæð áhrif á starfsemina. Í tilkynningum frá Icelandair hefur þó komið fram að félagið geti til skamms tíma leyst þann vanda sem fylgir því að þurfa að taka þrjár vélar af fyrrnefndri gerð úr umferð, en til lengri tíma þarf að finna varanlega lausn á málunum, ef bannið við notkun á vélunum dregst á langinn.

Icelandair er þó í sterkri fjárhagsstöðu þegar kemur að eigið fé. Í lok árs í fyrra nam eigið fé 55 milljörðum króna, en skuldirnar voru 992 milljónir Bandaríkjadala, eða sem nemur um 110 milljörðum króna. Búast má við því að næstu mánuðir verði krefjandi fyrir íslensku flugfélögin. Þrátt fyrir að á þriðja tug flugfélaga fljúgi til Íslands og tengi landið við um 100 áfangastaði, þá voru Icelandair og WOW air mikilvægustu flugfélögin þegar kemur að íslenskrri ferðaþjónustu. Nú er Icelandair eitt í þeirri stöðu.

„Ögrandi rekstrarumhverfi“

Samdráttur eða kólnun í íslenskrri ferðaþjónustu hefur átt sér þó nokkurn aðdraganda.

Í Fjármálastöðugleika, riti Seðlabanka Íslands, kom fram í byrjun árs í fyrra að teikn væru á lofti um minni tíðni beinna flugferða til og frá landinu. „Samkeppni í flugi hefur aukist undanfarnin misseri og hefur hún meðal annars birst í því að flugfélög hafa ekki hækkað fargjöld þrátt fyrir talsverða hækkan olíuverðs sl. mánuði. Víða glíma flugfélög því við rekstrarerfiðleika eins og nýlegt gjaldþrot Primera air, sem annaðist meðal annars leiguflug fyrir íslenskar ferðaskrifstofur, er dæmi um. Íslensku millilandaflugfélögin hafa ekki farið varhluta af þessari þróun og glíma bæði við ögrandi rekstrarumhverfi,“ sagði í greiningu Seðlabankans. Segja má að þetta hafi gengið eftir, og staðan orðið enn erfiðari þegar ljóst varð að WOW air var gjaldþrota.

Verðið á Íslandi sveiflast með krónunni

■ Gengi krónunnar gagnvart helstu viðskiptamyntum hefur veikt nokkuð að undanfögnu, en Ísland er orðinn einn af dýrustu áfangastöðum í Evrópu sé horft yfir tímabil síðustu 18 mánaða. Raungengi krónunnar hefur á þessum tímabili verið sögulega hátt. Ferðamönnum fór að fjölga mun hægar og síðan að fækka í samanburði við sama tíma árið á undan. Fyrstu níu mánuðum ársins í fyrra fjölgaði brottförum erlendra ríkisborgara frá Keflavík um 5,5 prósent samanborið við um 28,2 prósent vöxt á sama tíma 2017.

Svipaða sögu er að segja um fjölda gistinátta útlendinga á hótelum og gistiheimilum sem fjölgaði einungis um 1,7 prósent á fyrstu átta mánuðum ársins

samanborið við um 10,9 prósent vöxt á sama tíma í fyrra. Hótelherbergjum á höfuðborgarsvæðinu fjölga hins vegar hraðar en gistinóttum sem kemur fram í lækkuðu nýtingarhlutfalli.

Þó er nýtingin enn góð í alþjóðlegum samanburði, segir í greiningu Seðlabanka Íslands, sem birtist í Fjármálastöðugleika. „Meðalgreiðslukortanotkun hvers erlends ferðamanns mæld í krónum hefur nánast staðið í stað á milli ára, sé horft fram hjá liðnum flugsamgöngur í kortaveltunni.

Í lok júní 2018 námu útlán stóru viðskiptabankanna til ferðaþjónustu tæplega 10 prósent af heildarútlánunum þeirra til viðskiptavina. Dregið hefur úr útlánvexti

til greinarinnar að undanfögnu og var ársvöxtur útlána til ferðaþjónustu um 13 prósent í lok júní sl., samanborið við um 20 prósent í árslok 2017.

Eftir mjög kröftugan vöxt ferðaþjónustu á undanfögnu árum hefur dregið hratt úr vexti hennar á síðustu mánuðum. Hátt raungengi er óhagstætt greininni og við það bætist hátt olíuverð sem mun fyrr eða síðar koma fram í hærri flugfargjöldum til landsins. Verði meiri samdráttur í framboði flugsæta til landsins mun það hafa neikvæð áhrif á ferðaþjónustuna. Horft fram á veginn getur ferðaþjónustan líklega ekki treyst á tekjuvöxt vegna frekari fjölgunar ferðamanna. Á næstu misserum kemur í ljós hvort fjárfest hefur verið um of í greininni. Bankarnir verða að vera undir það búnir að mótaðilaáhætta í greininni raungerist og að til útlánataps geti komið vegna rekstrarvanda einstakra aðila,“ sagði í Fjármálastöðugleika.



Glitinum — Fyrirbyggir mígreni

Viðurkennd meðferð til að fækka mígreniköstum.

Fullorðnir: 1 hylki á dag. Lesið vandlega upplýsingar á umbúðum og fylgiseðli fyrir notkun lyfsins. Leiðið til læknis eða lyfjafraeðings sé þörf á frekari upplýsingum um áhættu og aukaverkanir. Sjá nánari upplýsingar um lyfið á www.serlyfjaskra.is.

Fæst án lyfseðils í næsta apóteki.



florealis.is/glitinum

KOKKUR ÁRSINS
2019



Sigurjón Bragi Geirsson er Kokkur ársins 2019!

Við óskum Sigurjóni Braga
Geirssyni og Garra heildverslun
innilega til hamingju með
glæsilegan árangur.





Viðtalið

ZAINAB SAFARI
OG RÉTTINDARÁÐIÐ

„Þau eru heppin að fá að búa hérna í þessu landi”

Elín Richter, Sindri Bjarkason og Amíra Snærós Jabali og skólasystkini þeirra berjast nú fyrir því að skólasystir þeirra, **Zainab Safari og fjölskyldu hennar**, verði ekki vísað úr landi. Fjölskyldan þráir að setjast hér að eftir líf á flótta en von hennar um mannsæmandi líf fer ört þverrandi.

Texti / Magnús Guðmundsson
Myndir / Aldís Pálsdóttir





Vidtalið

ZAINAB SAFARI
OG RÉTTINDARÁÐIÐ

Pegar blaðamaður ber að garði í Hagaskóla eru þar þrjú ungmenni á sínu síðasta ári við skólann. Það er bjart yfir þeim og þau hafa margt að ræða sín á milli enda eru þau þessa dagana að velja hvaða framhaldsskóla þau vilja sækja að grunnskólanum loknum. Þetta er um margt fyrsta stóra ákvörðunin í lífinu sem er þeirra, ekki síður en foreldrana, en það er líka ákveðinn skuggi yfir þessu spjalli um bjarta framtíðardrauma því þeir eru ekki ætlaðir öllum skólasystkinunum. Ungmennin eru þau Elín Richter, Sindri Bjarkason og Amíra Snærós Jabali en öll þrjú hafa þau ásamt fleiri skólasystkinum komið að undirskriftasöfnun og baráttu fyrir því að skólasystur þeirra, Zainab Safari, og fjölskyldu hennar, verði ekki vísað úr landi.

Forsenda undirskriftasöfnunarinnar er að íslensk stjórnvöld hafa í tvígang hafnað því að taka mál fjölskyldunnar til efnislegrar meðferðar og þar með að skoða möguleikann á því að þau eigi þess kost að setjast að hér á landi. Að halda áfram að ganga hér í skóla, lífa, starfa og verða nýtir þjóðfélagsþegnar. Forsenda höfnunarinnar er að fjölskyldan hafi þegar fengið alþjóðlega vernd í Grikklandi en þar sem málið er ekki tekið til skoðunar er ekki horft til þess hvaða líf og framtíð biður þeirra þar. Fjölskyldan sem um ræðir samanstendur af Zainab, Shahnaz, móður hennar, og Amir, tólf ára gömlum bróður hennar, og er einsdæmi að kærnefnd útlendingamála staðfesti höfnun á efnislegri meðferð á máli einstæðrar móður. Von fjölskyldunnar um mannsæmandi líf fer því ört þverrandi.

Líf á eilífum flótta

Fljótlega bætist Zainab í hópinn og sest hjá skólasystkinum sínum sem taka vel á móti henni. Hún virðist vera frekar feimin og döpur en það er engu að síður eftirtektarvert að hinir krakkarnir virðast eiga á ágætt með að ná til hennar og fá hana til þess að brosa. Zainab er afgönsk að uppruna en hefur þó aldrei búið í sínu stríðshrjáða heimalandi, heldur er hún fædd á flótta í Íran árið 2004. Hún bendir reyndar á að eftir þarlandu tímatali sé hún fædd árið 1384.

„Þegar ég fæddist í Íran voru foreldrar mínir á flótta undan stríðinu í Afganistan og þar er enn stríð. Þannig að það er fátt sem bendir til þess að það komi til með að breytast. Við vorum í tólf ár í Íran og Amir bróðir minn er líka fæddur þar en hann er tveimur árum yngri en ég. Lífið í Íran var skelfilegt og þess vegna ákváðu foreldrar mínir að leggja á flótta til Evrópu í von um betra líf og einhverja framtíð, sérstaklega fyrir mig og bróður minn.“

Ferðin frá Íran til Evrópu var gríðarlega erfið enda fóru þau fyrst fótgangandi frá Norður-Íran eftir erfiðum vegum og fjallendi til Tyrklands en þaðan tókst þeim svo að komast með báti til Grikklands. Þegar þangað var loksins komið tók þó ekkert annað við en vonbrigði og skelfilegar aðstæður.

Zainab segir að fyrst eftir að þau komu til Grikklands hafi þau verið sett á hótélherbergi en það hafi aðeins varað í nokkra mánuði á meðan verið var að setja upp flóttamannabúðir þangað sem þau voru svo flutt í framhaldinu. En lífið í flóttamannabúðunum reyndist vera í alla staði skelfilegt. „Þetta var ekki gott líf. Það var mikið um drykkju í flóttamannabúðunum og var stöðugt verið að slást og berjast um alla hluti. Það var ömurlégt.“

Hér á hún gott líf

Á meðan Zainab segir frá hlusta hin ungmennin af athygli og það leynir sér ekki að þau finna til með henni en á sama tíma er þetta líf eitthvað sem er þeim ákaflega framandi. Aðspurð um hvaða áhrif það hafi á þau að hlusta á sögu skólasystur sinnar segir Amíra Snærós að óneitanlega geri þetta þau döpur. „Það gerir okkur leið að hún hafi þurft að ganga í gegnum þetta og í raun að nokkurt barn þurfi að þola það sem hún og bróðir hennar hafa mátt þola.“

Sindri bætir því við að þó að þau hafi hugsað út í þessi mál áður en þau kynntust Zainab hafi kynnin við hana breytt miklu. „Maður hefur aldrei upplifað þetta svona nálægt sér áður en það að heyra svona sögu frá einhverjum sem maður er farinn að þekkja breytir svo ótrúlega miklu.“

Elín tekur undir og segir að það geri þetta raunverulegt. „Svona er þetta komið svo nálægt að það gerir málefnið raunverulegt og að vanda okkar allra en er ekki bara eitthvað sem við sjáum í fréttunum eða aðrir tala um.“

Aðspurð um hvernig þeim hafi orðið við þegar þau fréttu að Zainab og fjölskylda hennar yrðu að öllum líkindum send aftur til Grikklands, stendur ekki á svari hjá Elínu. „Fyrst og fremst urðum við leið og vonsvikin vegna þess að hér á hún loksins gott líf, ekki síst þegar maður hugsar um allt sem hún hefur þurft að ganga í gegnum og hvað biður hennar ef hún verður send aftur til Grikklands.“

Amíra Snærós bætir við: „Það gerir mig líka þakkláta fyrir það líf sem ég hef alist upp við þegar maður kynnist einhverjum sem hefur mátt þola það sem hún hefur mátt þola, og þá langar mann líka til þess að reyna að hjálpa fleirum sem eru í sömu aðstæðum.“

Okkar réttur og skoðanir

Zainab, móðir hennar og bróðir komu til Íslands síðastliðið haust en faðir hennar er týndur á götum Grikklands eftir að hafa glímt við alvarlegt þunglyndi um skeið en í raun er ekkert vitað um afdrif hans. Þrátt fyrir að samkvæmt lögum beri

„**Þar er markmiðið að stuðla að réttindum barna og reyna að sjá til þess að íslensk stjórnvöld starfi eftir Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Ísland er aðili að þessum sáttmála og á þar af leiðandi að fara alltaf eftir honum.**“

Zainab segir að stuðningur skólasystkinanna hafi glatt hana mikið. „Þetta gerir mig hamingjusama.“



ríkjum að sinna þeim flóttamönnum sem hafa fengið alþjóðlega vernd til jafns við eigin þegna er það þó alls ekki raunin í Grikklandi. Herflegt efnahagsástand í landinu á síðustu árum á sinn þátt í því og við slíkar aðstæður blossa oft upp kynþáttafordómar, skipulögð glæpastarfsemi með fíkniefnasölu og vændi á götum borganna og þannig mætti áfram telja.

Staðreyndin er að þetta eru að öllum líkindum þær götur og þær aðstæður sem bíða Zainab og fjölskyldu hennar verði þau send aftur til Grikklands og þess vegna ákváðu samnemendur hennar í Hagaskóla að grípa til sinna ráða. Amíra Snærós segir að það sé ekki boðlegt að leggja á Zainab að hverfa aftur til þessa lífs í Grikklandi. Sindri og Elín taka undir þetta en bæði eiga þau sæti í réttindaráði Hagaskóla. Elín segir að markmiðið með aðgerðum sé einfalt. „Við viljum bara halda þeim á Íslandi, til þess að þeim líði vel og að þau séu örugg.“

Sindri bendir á að fyrir þeim sé þetta einmitt hlutverk réttindaráðsins. „Þar er markmiðið að stuðla að réttindum barna og reyna að sjá til þess að íslensk stjórnvöld starfi eftir Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Ísland er aðili að þessum sáttmála og á þar af leiðandi að fara alltaf eftir honum.“

Amíra Snærós var ein af þeim sem kom að undirskriftasöfnuninni og hún segir að þau hafi mikið hugsað um hvernig mætti ná til stjórnvalda og fá þau til þess að taka mark á því sem þau voru að koma á framfæri. „Við ákváðum að gera þetta svona formlega en ekki bara á Facebook til þess að það leyndi sér ekki að okkur er alvara og við söfnuðum 6200 undirskriftum.“ Aðspurð um hvað þeim hafi fundist um að það hafi borist athugasemdir við þetta frá einhverjum foreldrum þá stendur ekki á svari: „Við vorum fyrst og fremst vonsvikin. Undarlegt að einhverjum finnst að við megum ekki hafa okkar skoðun og leggja einhverjum lið sem skiptir okkur máli. Það var ekki heldur þannig, eins og einhverjir hafa haldið fram, að foreldrar okkar stýrðu okkur í þessu. Það var alls ekki þannig. Við erum alveg með okkar skoðanir og getum komið þeim á framfæri sjálf.“

Gott fyrir alla

Á meðan krakkarnir segja frá baráttu sinni fyrir Zainab horfir hún þögn og lætur lítið fyrir sér fara. Aðspurð um hvað henni finnst um Ísland og það sem á daga hennar hefur drifið síðan hún kom hingað í september segir hún að hér hafi henni strax líðið vel. „Hér er friður. Friður eins og ég hef aldrei upplifað áður. Mér finnst líka vera fallett hérna og að fólki sé hamingjusamt vegna þess að það brosir og er vinalegt.“

Það er svo margt sem er öðruvísi en það sem ég hef átt að venjast hingað til. Eins og þegar ég kom í skólann fannst mér skrítið að hér væri kennari fyrir hvert og eitt fag. Einn kennari kom og kenndi ensku, annar stærðfræði o.s.frv. Það hef ég aldrei upplifað áður. Í Íran og á Grikklandi var alltaf bara einn kennari sem kenndi allt, en við bróðir minn fengum reyndar ekki að vera í skóla í Grikklandi nema í nokkra mánuði.“

Aðspurð um íslensku krakkana stendur ekki á svari. „Þau eru góð,“ og svo hlæja þau öll eins og að annað svar hefði verið útilokað. „Ég var auðvitað feimin við þau fyrst en mér hefur verið vel tekið. Þau eru heppin að fá að búa hérna í þessu landi, finnst mér.“

Við þetta berst talið að því að sumir hafi haft á orði að Íslendingar geti einfaldlega ekki tekið við öllum sem hingað leita og þess vegna séu hælisleitendur sendir aftur burt. Að Íslendingar geti einfaldlega ekki tekið að sér að bjarga öllum en um það hefur Sindri sitthvað að segja. „Ég held að við getum í fyrsta lagi tekið á móti miklu fleirum en við gerum núna. Það er eitt að taka ekki við flóttamönnum en annað að senda þá úr landi eftir að þeir hafa dvalið hér í nokkurn tíma og þá jafnvel gengið hér í skóla og eignast eitthvað líf eins og Zainab.“ Skólasystur hans taka undir þetta og minna á að þetta hljóti að horfa öðruvísi við þegar um börn er að ræða. Þau

ALVEG NÝR FORD FOCUS



MARKAR NÝJA TÍMA!

Nýr Ford Focus markar nýja tíma hvað varðar tækni, þægindi, innra rými og akstursupplifun í sínum flokki fólksbíla. Hann hefur fengið frábæra dóma um allan heim.

RÍKULEGUR STAÐALBÚNAÐUR

- Árekstrarvari að framan, nemur einnig gangandi og hjólandi vegfarendur
- Veglínuskynjari
- Umferðaskiltalesari
- 16" Trend Edition álfelgur
- Brekkuaðstoð
- LED dagljós með birtuskynjara
- Hraðatakmarkari
- SYNC3 raddstýrt samskiptakerfi með neyðarhringingu í 112
- Apple CarPlay og Android Auto
- 6,5" snertiskjár
- Stillanlegir akstursmátar (Normal/Eco/Sport)
- Ofnæmisprófuð efni í innréttingu
- My Key (forritanlegur lykill með takmörk á hámarkshraða, hljóðstyrk hljómtækja ofl.)
- Samlit vindskeið að aftan (5 dyra)
- Easy fuel eldsneytisfylling án loks
- TC spólvörn

VERÐ FRÁ AÐEINS: 3.190.000 KR.

Einnig fáanlegur sjálfskiptur og station



*Ford tekur þig lengra
Komdu, reynsluaktu og upplifðu nýjan Ford Focus*



Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar:
Söluæildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17
og laugardaga kl. 12-16

ford.is



Vidtalið

ZAINAB SAFARI
OG RÉTTINDARÁÐIÐ

„Undarlegt að einhverjum finnist að við megum ekki hafa okkar skoðun og leggja einhverjum lið sem skiptir okkur máli. Það var ekki heldur þannig, eins og einhverjir hafa haldið fram, að foreldrar okkar stýrðu okkur í þessu.“



eru líka öll sammála um það að stjórnvöld þurfi að standa sig miklu betur. „Við þurfum að koma betur fram við þá sem vilja, nei, ég meina neyðast, til þess að koma til Íslands og vilja eiga hér friðsamlegt líf. Við þurfum líka að leyfa fólki að vinna og bæta þannig sinn eigin hag og okkar sem samfélags. Það er gott fyrir alla.“

Að eiga sér framtíð eða ekki

En hvað getið þið gert fleira til þess að leggja ykkar af mörkum? „Hvað getum við gert? Hvað getum við ekki gert?“ svara þau nánast einum rómi og það leynir sér ekki að þau hafa langt frá því lagt árar í bát í baráttunni fyrir Zainab.

Aðspurð um hvort þau telji að það sé hlustað á það sem þau hafi fram að færa segja þau að það sé vissulega tekið eftir þeim ef eitthvað er að marka fjölmiðla, en eins og Sindri segir „á svo eftir að koma í ljós hvort það er hlustað af þeim sem ráða.“ Elín tekur undir þetta og minnir á að það sé dapurlegt að hugsa til þess að Zainab verði kannski send í burtu með skömmum fyrirvara og sé þá allt í einu komin á götuna í Grikklandi. „Það er ömurlegt og á ekki að þurfa að gerast.“

Zainab segir að óneitanlega sé hún hrædd við það sem gerist næst. „Ef við verðum send aftur til Grikklands eigum við okkur ekkert líf. Þar eigum við enga framtíð. Það er eflaust fínt að koma til Grikklands sem ferðamaður og skoða landið, eiga peninga og vera að ferðast, en það er ekki það sem bíður okkar. Það Grikkland sem bíður okkar er allt annað og þar er ekki gott að búa.“

Zainab segir að stuðningur skólasystkinanna hafi glatt hana mikið. „Þetta gerir mig hamingjusama. Það er gott að finna stuðning og að allt þetta fólk reyni að hjálpa til. Núna vona ég bara að ég og mamma og bróðir minn fáum að vera hérna áfram og eignast framtíð. Það er draumurinn.“



Skólasysturnar og vinkonurnar Elin Richter og Zainab Safari.



RENAULT
Passion for life

Vinsæll bíll á einstöku verði



Renault Captur Intens

Sjálfskiptur, dísil.

TILBOÐSVERÐ: 3.390.000 kr.

Verð áður 3.650.000 kr.

Snaggaralegur og fallegur kostagripur. 1500cc dísilvél,
112 hestöfl, eyðsla aðeins 3,8 l/100 km í blönduðum akstri.*



**AFSLÁTTUR
260.000 KR.**

**KAUPAUKI
VETRARDEKK**

Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

IB ehf.
Selfossi
www.ib.is
480 8080

BL söluumboð
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is



TÖSKUR & TILHEYRANDI

ALLAR FERÐATÖSKUR

30%
AFSLÁTTUR



ALLAR FERÐATÖSKU- HLÍFAR

30%
AFSLÁTTUR

Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4

Álfabakka 16, Mjódd
Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind

Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Sólvalлагötu 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2
Húsavík - Garðarsbraut 9

PENNINN

Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Gildistími tilboðsverða er til og með 01. apríl eða meðan birgðir endast. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.



Reiðarslag

Eftir / Magnús Geir Eyjólfsson

Óumflýjanlegt gjaldprot WOW air er reiðarslag fyrir íslenskt samfélag. 1.100 starfsmenn WOW standa frammi fyrir skyndilegum atvinnumissi og röskun hefur orðið á fyrirætluðum þúsunda flugfarþega. Gjaldprotið hefur áhrif á fjölda fyrirtækja sem annaðhvort hafa átt í viðskiptum við WOW eða reitt sig á farþega þeirra. Þetta eru fjármálafyrirtæki, hótel, hópferðafyrirtæki, bílaleigur, verslanir, flugvallarþjónusta, og svo mætti lengi telja.



„Verkalýðshreyfingin verður einfaldlega að lesa landslagið rétt, draga úr kröfum sínum og blása til sóknar þegar betur árar.“

Ekki bara áttu mörg þessara fyrirtækja beinar kröfur á WOW heldur mun stórfelld fækkun ferðamanna skila sér í verri afkomu. Þetta er líka högg fyrir neytendur sem hafa vanist því að geta bókað sér flug til Evrópu á þriðjungi þess verðs sem það kostar að fljúga til Akureyrar. Þetta hljómaði of gott til að vera satt og það var það líka. Rekstrarumhverfi flugfélaga hefur hríðversnað og WOW hefur undanfarin misseri verið að borga með hverjum farþega sem félagið hefur ferjað.

Á næstu vikum og mánuðum munum við svo sjá víðtækari áhrif af gjaldproti WOW. Samkvæmt hagspá Arion banka mun það hafa í för með sér 16 prósentu fækkun erlendra ferðamanna til landsins og allt að 2 prósentu samdrætti í landsframleiðslu. Samfelt 7 ára hagvaxtarskeið er á enda. Hætt er við að atvinnuleysi fari hratt vaxandi og að krónan veikist með tilheyrandi verðbóluskoti. Blessunarlega hafa stjórnvöld og heimilin í landinu búið vel í haginn þannig að það ætti ekki að taka langan tíma að snúa vörn í sókn. En árið verður svo sannarlega þungt hjá mörgum.

Fall WOW mun einnig hafa víðtæk áhrif á yfirstandandi kjaraviðræður. Verkalýðshreyfingin hefur hingað til kosið að beina spjótum sínum að ferðapjónustunni og ekki hlustað á varnaðarorð atvinnurekenda sem hafa sagt að staðan í þeim geira sé hreint ekki góð. Gjaldprot WOW hefur slegið mörg vopn úr hendi verkalýðshreyfingarinnar og hætt er við að það fjari hratt undan þeim meðbyr sem hún hefur notið þegar fréttir fara að berast af fjöldauppsögnum og gjaldprotum. Verkalýðshreyfingin verður einfaldlega að lesa landslagið rétt, draga úr kröfum sínum og blása til sóknar þegar betur árar.

Loks verður að hrósa ríkisstjórninni fyrir að standast þrýsting um að grípa inn í og koma WOW til bjargar. Fréttir síðustu daga hafa leitt í ljós að staða WOW var orðin með öllu óbærileg. Heildarskuldur félagsins námu 24 milljörðum króna og þrátt fyrir að kröfuhafar hafi fallist á afskriftir voru útstandandi skuldir það miklar að gríðarlegt fjármagn hefði þurft til að koma félaginu í rekstrarhæft ástand. Ekkert í ytra umhverfi flugfélaga bendir til þess að bjartari tímar séu fram undan og það hefði verið vítaverð meðferð á almannafé að leggja ógjaldfæru og nær eignalausú félagi til fjármuni sem nær öruggt er að myndu aldrei endurheimtast.

Ketó cobb salat

Salat mánaðarins og toppur

fresco

1990 Kr



JONO DUFFY & EINAR V. MÁSSON

Skoðun

Eftir / Ásgeir Jónsson

Slæmar hugmyndir deyja aldrei

■ Árið 1955 var haldið mikið málþing í Milanó undir yfirskriftinni; „Stjórnarmál framtíðar“. Niðurstaða fundarmanna var skýr. Sá hugmyndafræðilegi ágreiningur sem lengi hafði hrjáð Vesturlönd var leystur. Nasisminn hafði verið kveðinn niður. Stalín var dauður og nær allir vissu að Sovét var ekkert draumaland. Gagnrýni á kapitalismann hafði verið svarað með velferðarkerfinu. Hagvöxtur mjög ör – og lífskjör tóku stórstígu framförum. Þannig hillti undir almenna velmegun sem gerði tal um byltingu að óráðshjali.

„Öld hugmyndafræðinnar er liðin,“ lýsti Daníel Bell yfir í bók sinni The End of Ideology árið 1960. „Allt sem þarf nú að ræða er hvort verkamenn eigi að fá tikalli meira á tímann, hversu mikið eigi að niðurgreiða mjólk og á hvaða aldri fólk kemst á eftirlaun.“ Þessi spádómur var þó fljótlega afsannaður, því strax eftir 1960 hófst ný hugmyndafræðileg orrahrið með nýrri kynslóð sem nú er kennd við hippa.

Um 35 árum síðar virtust þessi sömu sannindi einnig blasa við. Árið 1992 gaf heimspekingurinn Francis Fukuyama út bók undir titlinum „The end of history and the last man“. Bókin kom út rétt eftir hrun kommúnismans

í Evrópu; fall Berlínarmúrsins og upplausn Sovétríkjanna. Fukuyama hélt því fram að ekki þyrfti frekar vitnanna við – frjálslýnt lýðræði ásamt frjálsum mörkuðum hefði nú sannað sig sem langbesta þjóðskipulagið og hlyti að verða tekið upp af öllum löndum heimsins, eða eins og segir orðrétt í bók hans:

„Það sem við erum nú að verða vitni að eru ekki aðeins lok kalda stríðsins, eða kaflaskipti í sögu eftirstrísáranna, heldur lok mannkynssögunnar sem slíkrar. Það er endir á hugmyndafræðilegri þróun mannsins þar sem vest-rænt frjálslýnt lýðræði hefur verið staðfest sem hæsta þróunarstig fyrir mannlegt stjórnarfar.“

Lengi vel leit út að Fukuyama væri sannspár. Alþjóðaviðskipti jukust hröðum skrefum samhliða því að lýðræði breiddist út um heiminn. Árið 1992 – þegar bók Fukuyama kom út – bjuggu um 2 milljarðar

manna við sárafátækt (extreme poverty) sem er skilgreint sem lífsviður-væri undir 1,9 kaupmáttarleiðréttum Bandaríkjadollurum á dag. Árið 2015 hafði svo fátæku fólki fækkað niður í um 700 milljónir.

Hins vegar, hefur sláttur tímans snúist við. Lýðræði á undir högg að sækja víða um heiminn – sem og frjáls markaðsviðskipti. Örgaöfl bæði til hægri og vinstri eru nú í vaxandi sókn – sem best má sjá af gulvestingum í Frakklandi. Svo er sem staðreyndir og tölur skipti ekki máli – við lifum nú á tímum „mér finnst“-rökfærslu og gagnstaðreynda (alternative facts).

Haft var á orði að sú kynslóð sem fæddist eftir stríðið hafi talið efnahagslega velmegun sjálfsagða, næstum leiðinlega. Þetta æsku-fólk hafi þyrst eftir einhverju nýju og æsilegu – það hafi verið það sem rak hippana áfram. Ef til vill er sagan nú að endurtaka sig. Ljóst er þó að slæmar hugmyndir deyja ekki, heldur birtast ávallt aftur með nýju fólki.



Höfundur er forseti hagfræðideildar Háskóla Íslands.

Ljósmyndari / Haraldur Guðjónsson

Aðsendar greinar ásamt litmynd af höfundi sendist á ritstjorn@birtingur.is. Hámarks lengd texta er 450 orð.



4 Gátlisti fyrir stóra daginn
Skipulagning fyrir brúðkaupið hefst oft ári fyrir settan dag.



6 Dökkar og dramatískar
Heiða Helgadóttir ljósmyndari leggur áherslu á heimildaljósmyndun.

MANNLÍF

/ Brúðkaup



b Brúðkaup
2019

**Einn mikilvægasti
dagur lífsins**



Hver kjóll er einstakur

Eyrún Birna Jónsdóttir kjóllaklæðskeri rekur fyrirtækið Brúðarkjólur – Eyrún Birna en hún hennar, oft í samvinnu við tilvonandi brúðir og sérsaumar brúðarkjóla sem eru rómantískir og í bóhemstíl. Eyrún Birna, sem segist leggja áherslu á hreyfingu og flæði í kjólunum, er alltaf með augun opin fyrir fallegum efnum og blúndum sem hún notar í kjólana.

Eyrún Birna er með vinnustofu við Nýbýlaveg 6. Hún stofnaði fyrirtækið í fyrra og þeim fjölgar sífellt tilvonandi íslensku brúðunum sem vilja sérsaumaðan brúðarkjól.

„Ég hef alla tíð heillast af brúðarkjólum. Það er eitthvað svo sérstakt við brúðarkjólinn manns, enda sá kjóll sem konan klæðist á einum mikilvægasta degi lífsins. Kjólinn á að draga fram það besta í hverri brúður og passa fullkomlega. Ég sérsauma hvern og einn kjól og hanna þá í samráði við kúnnann. Ég býð upp á aðeins látlausari kjóla sem eru ólíkir stífum og hefðbundnum brúðarkjólum; kjóllarnir mínir eru klæðilegir, úr



þægilegum efnum og líkjast kannski meira þeim flikum sem við klæðumst dags daglega.“

Eyrún Birna saumar oft óhefðbundna brúðarkjóla og hefur hún saumað brúðarkjóla í ýmsum litum. „Ég sauma ekki bara hvíta brúðarkjóla; þeir geta verið í hvaða lit sem er, jafnvel svörtum. Mér finnst mikilvægast að brúðarkjólinn endurspeglí persónuleika viðkomandi brúður og að hún geti fengið að tjá sig á sinn hátt. Það er engin ein uppskrift að hinum fullkomna brúðarkjól.“

Hún segir að oft séu tilvonandi brúðir með ákveðnar hugmyndir og þá vinni hún út frá

þeim. Eftir það taka við nokkrar mátanir. „Það er mjög skemmtilegt, eftirminnilegt og persónulegt ferli að láta sérsauma á sig kjól. Þetta samspil fagmannsins og kúnnans er svo mikilvægt.“

Eyrún Birna segist alltaf vera með augun opin fyrir fallegum efnum og blúndum. „Mér finnst mikilvægt að bjóða upp á fjölbreytt efnisval, því við búum á litlu landi og viljum helst ekki allar vera í eins brúðarkjólunum. Ég hef í gegnum tíðina heillast af fallegum blúndum og hekli. Ég hef oft notað gamla dúka eða gardínur í kjóla. Þá er hægt að sauma einstakan kjól sem á engan sér líkan.“

”

„Kjóllinn á að draga fram það besta í hverri brúður og passa fullkomlega.“

Eyrún Birna Jónsdóttir, brúðarkjólaklæðskeri og kjóllaklæðskeri.
Mynd / Ruth Ásgeirsdóttir.



Mynd / Ruth Ásgeirsdóttir

Eyrún er á Facebook undir Brúðarkjólur – Eyrún Birna.

Sérfræðingar í trúlofunar og giftingarhringum

Skoðaðu úrvalið á acredo.is



Verð : 249.180 kr.



Verð : 218.245 kr.



Verð : 196.967 kr.



Miðjusteinn 0,30 ct
Verð : 476.039 kr.



Verð : 202.414 kr.



Verð frá : 84.969 kr.

Verð frá : 203.039 kr.



Miðjusteinn 0,30 ct
Verð : 357.663 kr.



Verð : 145.915 kr.



Verð : 157.533 kr.

Verð : 175.848 kr.



Verð : 270.010 kr.

CCC

acredo Lounge

acredo Lounge | Hátún 6A | S:577-7740 | acredo.is



acredogullsmidir



acredo.lounge

PRÓFAÐU
NÝJU

MicellAIR[®] HREINSILÍNUNA

FYRIR VATNSHELDAN FARÐA



NIVEA MicellAIR Expert hreinsilínan fjarlægir vatnsheldan farða á mildan en áhrifaríkan hátt með Miceller tækninni, í bland við þurrolíu og svart te. Það er óþarfi að skola af eða nudda. Hreinsar fullkomlega og án þess að skilja eftir filmu eða klístur.

Gátlisti fyrir tilvonandi brúðhjón

Texti / Hildur Friðriksdóttir

12 mánuðir til stefnu

- Gerið fjárhagsáætlun og standið við hana.
- Ákveðið gestafjölda og skrifið gestalista.
- Bókið vígslustað og vígsluaðila.
- Bókið veislusal.



8-10 mánaður til stefnu

- Ákveðið stíl eða þema brúðkaupsins.
- Byrjið að safna hugmyndum að skreytingum.
- Bókið ljósmyndara og myndatökumann.
- Bókið tónlistarmenn og/eða DJ fyrir bæði athöfn og veislu.
- Pantið veisluþjónustu, ef hún fylgir ekki með salnum.

6-8 mánuðir til stefnu

- Veljið veislustjóra.
- Hefjið leitina að brúðarkjólum.
- Ákveðið hvar þið viljið verja brúðkaupsnóttinni og bókið.

4-6 mánuðir til stefnu

- Bókið brúðkaupsferðina og endurnýjið vegabréfið ef þörf er á.
- Bókið hárgreiðslu og förðun.
- Festið kaup á brúðarkjól og fylgihlutum.
- Pantið hringana.
- Byrjið að safna á gjafalista í verslunum.
- Fá vottorð um hjúskaparstöðu hjá Hagstofunni.



3 mánuðir til stefnu

- Pantið blómvönd og aðrar blómaskreytingar.
- Hannið og pantið boðskort.
- Pantið brúðartertu.
- Byrjið að fönðra skreytingar ef þið ætlið að gera það sjálf.
- Bókið brúðarbil eða annan fararskjóta.
- Kaupið föt og skó fyrir brúðguma.
- Fundið með veislustjóra um veisludagskrá.

2 mánuðir til stefnu

- Pantið photobooth.
- Setjið boðskort í póst.
- Farið í prufugreiðslu og -förðun.
- Byrjið að huga að máttun og breytingum á kjólum.
- Kaupið nærföt, sokkabuxur og slíkt.
- Veljið lög fyrir athöfnina og fyrsta dansinn.



1 mánuður til stefnu

- Síðasta kjólamátun með réttum nærfötum og skóm.
- Byrjið að ganga til skónna.
- Mátið og sækið hringana.
- Sendið óskalagalista á DJ eða hljómsveit sem spilar fyrir dansi.
- Raðið gestum á borð.
- Staðfestið endanlegan gestalista og önnur smáatriði við veisluþjónustu og sal.

1-2 vikur til stefnu

- Farið í klippingu, plokun og litun, vax, brúnku o.s.frv.
- Pakkið ofan í tösku fyrir brúðkaupsnóttina.
- Safnið liði til að skreyta salinn.
- Reynið að fara saman í dekur og njóta.

Daginn fyrir brúðkaupið

- Gerið prufu með vígsluaðila og tónlistarmönnum í athöfninni.
- Sjáið til þess að lagt verði á borð í salnum og hann skreyttur.
- Látið setja upp photobooth og gestabók.
- Sjáið til þess að brúðarbillinn verði skreyttur.



Brúðkaupsdagurinn

- Sjáið til þess að þess að brúðarvöndurinn og blóm fyrir hnappagöt verði sótt.
- Útnefnið aðila sem ber ábyrgð á að pakka niður gjöfunum og gestabókinni að veislunni lokinni og komi því til ykkar.
- Slakið á, njótið og gleðjist!



Einfaldleikinn er oft bestur

Texti / Margrét Björk Jónsdóttir

Stórt brúðkaup krefst mikillar vinnu og undirbúnings. Margar stúlkur hafa síðan í barnæsku séð fyrir sér stóra daginn og látið sig dreyma um rétta kjólinn, skreytingar og hundrað manna veislu. Fyrir marga getur þetta allt virst yfirþyrmandi. Það er ekki fyrir alla að vera miðpunktur athyglinnar og fara í hvítan kjól.



Mikilvægt er að fylgja hjartanu í þessu sem og öllu öðru, og að muna að brúðkaupsdagurinn á að vera alveg eftir ykkar höfði. Hvort sem það þýðir að gifta sig heima í stofu, uppi í sveit eða á skrifstofu sýslumanns, gilda engar reglur. Hjónabandið og hamingjan veltur ekki á borðskrauti eða þemalítum.

Falleg veisla án mikillar fyrirhafnar

Einfaldleikinn er oft bestur. Það er hægt að búa til fallegt veisluborð og rómantískt andrúmsloft án mikillar fyrirhafnar og kostnaðar.

Grænar plöntur eru fallegt borðskraut án þess þó að vera of yfirþyrmandi.

Kertaljós mynda sérstaka stemningu. Það er frábær hugmynd að fá lánaða kertastjaka frá ættingjum og vinum, þeir þurfa alls ekki að vera allir í stíl.

„Einfaldleikinn er oft bestur. Það er hægt að búa til fallegt veisluborð og rómantískt andrúmsloft án mikillar fyrirhafnar og kostnaðar.“



LANCÔME
PARIS



MEET MONSIEUR BIG.
FORGET ALL THE OTHERS.

MASKARI MONSIEUR BIG
MIKIL ÞYKKING • ALLT AÐ 24 TÍMA ENDING

Dökkar og dramatískar

Texti / Svava Jónsdóttir Myndir / Heiða Helgadóttir

Heiða Helgadóttir ljósmyndari, sem hlotið hefur fjölda verðlauna fyrir verk sín, hefur myndað mörg brúðhjónin. Heiða leggur áherslu á heimildaljósmyndun en hún fylgir þá brúðhjónunum eftir allan brúðkaupsdaginn. Hún fer líka oft með brúðhjónum út á land og myndar þau í náttúrunni þannig að öll athyglin þann daginn fer í myndatökuna. Oft er myndað í hvaða veðri sem er og myndir Heiðu eins og listaverk.



Mér finnst skemmtilegast að vinna við heimildaljósmyndun – að fylgja fólki eftir allan daginn. Fólk fær þá sæta myndasögu af deginum sem er gaman að eiga,“ segir Heiða sem hefur myndað fjöldann allan af brúðhjónum, bæði daginn sem brúðkaupið fer fram og eins fyrir og eftir hann. Hún segir að í síðara tilvikinu fari myndatökur oft fram úti á landi - Seljalandsfoss, Skógafoss og Reynisfjara séu t.d. vinsælustu staðirnir og þá taki tókur heilan dag. „Íslendingar eru ekki búnir að fatta að myndatökan þarf ekki endilega að fara fram á brúðkaupsdaginn sjálfan því að þá er svo mikið stress. Það er gaman að taka annan dag í þetta og hafa þá góðan tíma.“

Heiða leggur áherslu á heimildaljósmyndun en hún fylgir þá brúðhjónunum eftir allan brúðkaupsdaginn.

Heiða segir að þegar hún taki myndir af brúðhjónum á brúðkaupsdeginum leggi hún áherslu á að brúðhjónin séu þau sjálf, á meðan hún reyni að gera sig ósýnilega og finna skemmtileg sjónarhorn. „Ég reyni að ná tengingu við fólkið svo það geti slakað á og haft gaman. Ég vil ekki að það standi eins og frostpinnar og brosi. Það á bara að vera það sjálf. Ég legg áherslu á lifandi og eðlilegar myndir og reyni að fanga persónuleg augnablik, gleði í augum og bara eitthvað sætt.“



„Íslendingar eru ekki búnir að fatta að myndatökan þarf ekki endilega að fara fram á brúðkaupsdaginn sjálfan því að þá er svo mikið stress. Það er gaman að taka annan dag í þetta og hafa þá góðan tíma.“

Dýrmætar minningar

Eins og alkunna er getur íslenskt veðurfar verið fjölbreytt og hefur Heiða myndað brúðhjón í alls konar veðri. „Ég tók t.d. myndir í klinkuðustu rigningu og roki sem ég hef lent í. Brúðhjónin höfðu reyndar gaman af því og ég líka. Þau voru rennblaut í gegn en myndirnar voru svolítið skemmtilegar. Þannig að það er alveg hægt að mynda í öllum veðrum.“

„Mér finnst dökkt yfirbragð vera fállegra; finnst gaman að taka myndir þar sem lítið ljós er í boði.“



Spurð um stílinn á myndunum sem hún tekur segist Heiða hafa gaman af dökku myndum og dramatísku yfirbragði. „Mér finnst dökkt yfirbragð vera fállegra; finnst gaman að taka myndir þar sem lítið ljós er í boði. Það er heillandi og áskorun að ná fállegum myndum í litlu ljósi. Fólk þarf því að velja hvað það vill áður en það pantar brúðkaupsljósmyndara. Það þarf að vanda valið.“

Hún segir að það sé dýrmætt fyrir hjón að eiga fállegar brúðkaupsmyndir upp á framtíðina að gera og þá líka með börn þeirra og barnabörn í huga. „Þetta eru svo dýrmætar minningar.“



Heimasíða Heiðu er: heidah.com.

SUGARBEARHAIR
www.regalo.is



Sugarbearhair
hárvítamin sem
styrkir hár og
neglur



Regalofagmenn

Þú finnur allt um mig og útsölastaði á www.regalo.is



SÓL RÓS

Einstakir kjólar og skór fyrir einstök augnablik

www.solros.is | solros@solros.is | Fjörður Verslunarmiðstöð | [@solrosboutique](https://www.instagram.com/solrosboutique)

Áhugaverðir áfangastaðir fyrir brúðkaupshjón

Eitt af því sem margir eiga í vandræðum með að taka ákvörðun um er hvert skuli halda í brúðkaupsferðina. Skal engan undra, enda gríðarlegt úrval spennandi áfangastaða í boði. Hér eru nokkrir.

Texti / Margrét Björk Jónsdóttir

Detroit snýr vörn í sókn

Detroit hefur ekki fengið verðskuldaða athygli undanfarin ár. En upp á síðkastið hafa ungir listamenn umbreytt ásýnd borgarinnar með því að breyta yfirgefnum byggingum í listasöfn, hótél, hjólabrettagarða og ýmis konar starfsemi. Listrænnandi og nýstárlegheit liggja í loftinu og ættu allir sem vilja fyllast innblæstri að gera sér ferð til **Detroit**.

Nágrannaríkið

Fyrir þá sem vilja halda sig við Norðurlöndin, er Ósló í Noregi spennandi valkostur. Nálagðin við náttúruna er eitt af því sem gerir Ósló heillandi. Þar sem borgin er umlukin fjöllum er þar talsvert hlýrra ef margir búast við og á heitum dögum er tilvalið fara á einhverja af ströndum staðarins. Óperuhúsið við höfnina er glæsilegt, hljómburðurinn með eindæmum góður og vel þess virði að kíkja á sýningu. Þar er líka veitingastaður sem óhætt er að mæla með.

Svalasta borgin

Canberra í Ástralíu hefur upp á síðkastið fengið viðurnefnið svalasta höfuðborg í heimi. Og það ekki vegna hitastigs, en meðalhitinn yfir árið er um 15 gráður. Í **Canberra** má finna menningarlega fjársjóði á hverju horni en á sama tíma standa þeir framarlega í öllum nýjungum, svo sem í matargerð og list. „Hipsterar“ samtímans flykkjast til **Canberra** og einstakt andrúmsloft og gleði einkenna stemninguna þar.

Eitthvað alveg nýtt

Fyrir þá sem eru tilbúnir að prófa eitthvað alveg nýtt er **Kaohsiung** í Taívan þess virði að skoða. Gríðarhá búddalíkneski og önnur listaverk má finna út um alla borg. Ekkert hefur verið til sparað við gerð bygginga og lestarstöð borgarinnar hefur til að mynda verið kosin sú fallegasta í heimi. Næturmarkaðir njóta mikilla vinsælda en íbúar **Kaohsiung** virðast telja næturnar besta tíma sólarhringsins til að kaupa sér ferska matvöru. Á daginn ætti engum að leiðast í **Kaohsiung** en dýrargarða, þemagarða og tívolí má finna á hverju horni.

Náttúruperla

Matera, höfuðborg Basilicata-héraðsins á Suður-Ítalíu, er byggð í fjallshlíð með náttúrulegum gljúfrum allt í kring. Stórkostlegar byggingar, hellar og völundarhús einkenna svæðið, en **Matera** hefur verið í mikilli sókn undanfarin og hafa nýttiskuleg hótél, veitingastaðir og barir sprottið upp undanfarin ár. Við hvetjum alla til að heimsækja þessa einstöku borg því gera má ráð fyrir að þetta verði einn heitasti ferðamannastaðurinn á komandi árum – og því um að gera að vera á undan straumnum.

Eitthvað fyrir alla

Sevilla á Spáni. Rómantísk og falleg borg með merkilega sögu. Þar skín sól í allt að 300 daga á ári og borgin hefur vermt toppsætið á lista Lonley Planet. Hér ættu allir að finna eitthvað við sitt hæfi. Menning, þröngar götur, verslanir, tapas, sólríkar strendur og vinalegt fólk er það sem einkennir þessa dásamlegu borg.

„Eitt af því sem margir eiga í vandræðum með að taka ákvörðun um er hvert skuli halda í brúðkaupsferðina.“

Er veisla
í vændum?



Nýr rafrænn
veislubæklingur!

NÝTT

MEMLEM skálar Ø19cm

545,-/stk.

NÝTT

KONUNGSLIG vínglös 33cl

495,-/stk.

INGATORP stækkanlegt borð
L110-155, H74cm

44.950,-

NÝTT

MEMLEM hliðardiskar
Ø22cm 395,-/stk.

NÝTT

BLÁGRAN metravara
B150cm 795,-



Ver slun opin **11-21** alla daga - Veitingasvið opið 9:00-20:30 - IKEA.is



Húðumhirða fyrir stóra daginn

Annriki er oft fyrir brúðkaup en brúðurin má ekki gleyma að huga að sjálfri sér.

Sex mánuðir til stefnu

Góður tími til að fullkomna húðumhirðuna og bæta við nýjum snyrtivörum. Grannskoðuðu húðina og áttaðu þig á hvað þú vilt bæta. Síðan þarf að leita að vörum sem hafa þá virkni sem þú þarft. Um að gera að lesa sér til á Netinu og spyrja starfsfólk í verslunum. Þú kemst ekki upp með minni tíma en fjóra til sex mánuði, ef þú vilt ná góðum árangri og draga úr hættu á að fá slæm viðbrögð við vörunum. Ekki gleyma að huga að líkamanum, sérstaklega ef þú ætlar að vera í ermalausum kjól. Notaðu líkamsskrúbb tvisvar í viku og berðu á þig body lotion. Húðin er líka alltaf fállegri ef hún fær nógan raka og því er mikilvægt að drekka nægilegt vatn fram að brúðkaupi.

Þrjú mánuðir til stefnu

Gott er að bóka allar meðferðir sem þú ætlar þér í með góðum fyrirvara; neglur, andlit, brúnku, augabrúnir, augnhár og svo framvegis. Þannig minnkar þú líkurnar á því að þú lendir í vandræðum eða óvæntum uppákomum. Ef þú ert ekki von að fara reglulega í andlitsbað er gott að fara kannski tvisvar eða þrisvar fyrir brúðkaup til að húðin verði upp á sitt allra besta. Eins þarftu að negla niður fördun og hárgreiðslu. Vertu óhrædd við að fara í prufur hjá nokkrum aðilum, jafnvel fá fleiri en eina prufu hjá einhverjum. Það skiptir mestu máli að þér líði vel á þessum mikilvæga degi.

Tveir mánuðir til stefnu

Það er misjafnt hvort brúðir kjósa að skarta brúnku á brúðkaupsdaginn eða ekki. Ef þú ert ein þeirra sem vilja hafa dálítinn, eða mikinn, lit þarftu að prufukeyra brúðkaup nokkrum mánuðum áður. Ef þú ert ánægð með litinn og ásetninguna skaltu bóka annan tíma hjá sama einstaklingi tveimur eða þremur dögum fyrir brúðkaupið.

Það er þess virði að velja sér ákveðinn brúðkaupsilm, nema þú viljir nota ilmvatn sem hefur sérstaka merkingu fyrir ykkur brúðhjónin. Ilmur vekur oft upp hjá okkur minningar og því er gaman að eiga einn sem minnir þig alltaf á þennan yndislega dag. Gefðu þér góðan tíma í leitina og hafðu í huga hvornig ilmurinn mun virka með þeim blómum sem þú ætlar að hafa í vandinum þínum.

Einn mánuður til stefnu

Þegar fer að stytast í brúðkaupið þarf að fara í allar meðferðir sem þú hefur bókað, þannig að það verður mikið að gera. Ekki fara síðan en þremur vikum fyrir stóra daginn í andlitsbað. Ef þú skyldir allt í einu fá ofnæmisviðbrögð eða bólu þá hefurðu tíma til að grípa til viðeigandi úrræða svo húðin geti jafnað sig. Síðustu tíu dagarnir verða samt annasamastir. Ef þú vilt snyrta á þér hárið eða lita það þá er gott að gera það viku eða tíu dögum fyrir athöfnina. Ekki er gott að fara í vax seinna en fimm dögum fyrir því húðin á til að roðna dálítið eftir á. Margar gera þau mistök að fara í plockun og litun of stuttu fyrir brúðkaupið sem gerir það að verkum að augabrúnirnar virka aðeins grimmari en þær eru í raun. Gott er að ljúka því af þremur dögum fyrir og sama gildir um neglur.

Á sjálfan daginn

Það eru grundvallarmistök að ætla sér að standa í stórræðum á brúðkaupsdaginn því það er lítið sem þú getur breytt úr þessu, þú getur meira að segja gert illt verra. Þrífðu andlitið vel um morguninn og berðu kannski á þig rakamaska sem þú hefur oft notað áður, alls engar nýjar vörur. Reyndu svo bara að slaka á og njóta dagsins. Það hringsnúast allir í kringum þig og sjá til þess að þú lítir sem allra best út, það gerist ekki oft á ævinni.

”

„Gott er að bóka allar meðferðir sem þú ætlar þér í með góðum fyrirvara; neglur, andlit, brúnku, augabrúnir, augnhár og svo framvegis. Þannig minnkar þú líkurnar á því að þú lendir í vandræðum eða óvæntum uppákomum.“



hjá
Hrafnhildi


Engjateigi 5 // 581 2141 // hjahrafnhildi.is



FRÍSKANDI BRAGÐ!



FYRIR HREINAR OG
FRÍSKAR TENNUR

 Tannlæknafélag Íslands mælir
með notkun xyliólis sem
aðalsætufrnis í tyggigúmmii

Stúdíó Birtingur

Í SAMSTARFI VIÐ
GOTT Í MATINN

Gott í matinn gefur góðar hugmyndir fyrir brúðkaupsveisluna

Vefsíðan **gottimatinn.is** er uppskriftasíða Mjólkursamsölnunnar en hún er góður staður til að byrja á þegar kemur að því að huga að veitingum fyrir brúðkaupsveisluna.

Mexíkósk kjúklingasúpa

400 g kjúklingakjöt
1 msk. olía
1 laukur
6 plómutómatar, skornir í bita
100 g blaðlaukur smátt saxaður
1 rauð paprika smátt söxuð
1 grænt chili, fínt saxað
2 tsk. paprikuduft
3 msk. tómatpúrur
1½ l kjúklingasóð (vatn og teningur)
2 dl salsa-sósa
100 g rjómaostur til matargerðar frá Gott í matinn

Meðlæti í súpuna

sýrður rjómi frá Gott í matinn
nachos-flögur
rifinn ostur frá Gott í matinn

Aðferð

- Steikið saman í olíu kjúklingakjötið, laukinn, blaðlaukinn, paprikuna, grænt chili og plómutómatana.
- Bætið í paprikudufti og tómatpúrur, blandið vel saman. Hellið saman við kjúklingasóðið og látið sjóða í 15-20 mín. við vægan hita.
- Bætið salsa-sósu í súpuna ásamt klípum af rjómaostinum. Látið sjóða í 3-5 mín. við vægan hita.
- Berið súpuna fram með sýrdum rjóma, nachos-flögum og rifnum osti.



Þessi ljúffenga Mexíkóska kjúklingasúpa hittir alltaf í mark.

Á síðunni eru alls kyns flokkar á borð við köku-, kjöt- og osta-flokka en jafnframt er þar að finna sérstakan flokk tileinkaðan veislum þar sem finna má margskonar uppskriftir sem henta fullkomlega fyrir stóra daginn. Brúðkaupsveislur nú til dags eru af ýmsum stærðum og gerðum og eru eins ólíkar og þær eru margar – rétt eins og brúðhjónin hverju sinni.

„Að mörgu er að huga fyrir stóra daginn og í flestum tilfellum skiptir maturinn miklu máli en þá er líka gott að hafa í huga að það er engin ein rétt uppskrift að fullkominni brúðkaupsveislu heldur skiptir mestu máli að brúðhjónin hafi hlutina eins og þau vilja,“ segir Gréta Björg Jakobsdóttir, markaðsfulltrúi MS.

Mögulega er mexíkóskur matur, ostar og ostakökur í miklu uppáhaldi hjá verðandi brúðhjónum. Hví ekki að ganga út frá því og bjóða upp á mexíkóska kjúklingasúpu, ljúffenga ostaköku og girnilegan ostabakka í veislunni. „Hvort sem brúðhjónin langar að bjóða upp á smarétti og ljúffenga osta, súpu og snittur, heitt matarhlaðborð eða dýrindis kökuveislu er valið þeirra og heimasíða Gott í matinn getur án nokkurs efa aðstoðað við undirbúninginn,“ segir Gréta og deilir hér með lesendum nokkrum vel völdum uppskriftum af síðunni.

Oreo-ostakaka

Botn

320 g Oreo-kexkökur
100 g smjör

Fylling

600 g hreinn rjómaostur til matargerðar frá Gott í matinn, við stofuhita
3 msk. flórsykur
200 g hvítt súkkulaði, brætt yfir vatnsbaði
300 ml rjómi
1 tsk. vanilla
Oreo-kexkökur

Aðferð

- Myljið kexið í matvinnsluvél. Blandið smjörinu saman við og þrýstið kexblöndunni í botninn á bökuforni og upp með börmum. Kælið á meðan þið útbúið fyllinguna.
- Þeytið rjómaostinn í smástund, bætið flórsykrinum, rjómanum og vanillu saman við og hrærið.
- Bræðið súkkulaðið yfir vatnsbaði, kælið aðeins og hellið út í ostablönduna í mjórru bunu.
- Hellið blöndunni ofan á kexbotninn og setjið inn í kæli. Geymið kökuna í kæli í nokkrar klukkustundir eða yfir nótt.
- Myljið að lokum nokkrar kexkökur og sáldrið yfir kökuna. Einnig er fallegt að skreyta kökuna með berjum.



Ofnbakaðar brauðsnittur með Dala-Camembert

1 snittubrauð
Dala-Camembert
mangó-chutney
steinselja
pistasíur

Aðferð

- Skerið snittubrauðið í jafnstórar sneiðar.
- Leggið eina til tvær sneiðar af Dala-Camembert yfir hverja brauðsneið.
- Setjið góða matskeið af mangó-chutney yfir ostinn.
- Bakið við 180°C í 5-7 mínútur eða þar til osturinn verður gullinbrúnn.
- Skreytið snittunarnar með steinselju og pistasíum og berið strax fram.

-Finndu mýktina í Milka-



Milka

Fyrir mjúku hliðina...

Endurnýjuðu heitin eftir fjörutíu ár

Texti / Friðrika Benónýsdóttir Myndir / Hákon Davíð Björnsson

Í brúðkaupsblaði Vikunnar, sem kom út í gær, eru ýmsar gagnlegar upplýsingar fyrir verðandi brúðhjón í bland við skemmtileg viðtöl. Þuríður Sigurðardóttir, söngkona og listmálari, og eiginmaður hennar, Friðrik Friðriksson, endurnýjuðu hjúskaparheit sín á Grænhöfðaejnum í janúar, fjörutíu árum eftir að þau gengu í hjónaband.

Ég hafði ekki hugmynd um þessa fyrirætlun bóndans,“ segir Þuríður og hlær. „Ég varð sjötug í janúar og hann sá þessa ferð auglýsta og stakk upp á því að við skelltum okkur til Grænhöfðaeysja í tilefni afmælisins. Mér fannst það alveg ljómandi góð hugmynd, hafði ekki hugsað mér að halda neitt sérstaklega upp á afmælið frekar en venjulega og fannst þetta mjög góð lausn.“

Eiginmaðurinn eyddi hringatali

Forsagan að endurnýjun heitanna er þó aðeins lengri. Fjörutíu ára brúðkaupsafmæli hjónanna var 2. desember á síðasta ári og Þuríður segist í tilefni af því hafa nefnt það við bóndann að þau ættu kannski að kaupa nýja giftingarhringa til að minnst þeirra tímamóta, þar sem hringar þeirra beggja höfðu glatast fyrir löngu síðan. „Við höfðum ekki verið með hringa í um það bil þrjátíu ár,“ útskýrir hún. „Hann týndi sínum í heyi í hesthúsinu og það svo sem náði ekkert lengra, hann var bara farinn. Svo þegar ég byrjaði í listnáminu fannst mér óþægilegt að vera með hringinn, maður var mikið að vinna með ætandi efni sem settust undir hann, svo ég tók hann niður og hann fór aldrei aftur upp og eiginlega týndist líka. Ég nefndi það við Friðrik að það gæti verið sniðugt að setja aftur upp hringa á fjörutíu ára brúðkaupsafmælinu en honum fannst það algjör óþarfi svo ég bara afskrifaði það. En þá var hann búinn að fá þessa hugmynd, án þess að segja mér neitt frá því. Hann hafði frétt að presturinn sem gifti okkur yrði líka í ferðinni til Grænhöfðaeysja og hafði samband við hann og bað hann að sjá um athöfnina þar. Það vissi enginn af þessu nema Friðrik og presturinn og eiginkona prestsins og svo gullsmiðurinn sem smíðaði hringana.“

Friðrik passaði vel upp á það að Þuríður kæmist ekki að leyndarmálinu og leyndin var mikil. „Hann bað



Í brúðkaupsblaði Vikunnar sem kom út í gær eru fjölbreyttar greinar um allt mögulegt sem tengist stóra deginum; fataður, snyrtivörur, matur, gjafir, blóm og fleira.

„Hvað er þetta? Ætlar hann að fara að skila mér, eða hvað? En hann hélt áfram að tala og tala, sem mér fannst skrítíð“



Þuríður Sigurðardóttir, söng- og listakona.

prestinn meira að segja að taka hringana með í ferðina svo ég myndi nú örugglega ekki rekast á þá í einhverju tiltektaæði í töskunni,“ segir Þuríður og skellihlær.

„Ég fór að skæla“

Þuríður segir ferðina til Grænhöfðaeysja hafa verið yndislega og frábæra upplifun. Kvöldið sem þau héldu upp á sjötugsafmælið stóð Friðrik upp til að halda ræðu. „Það er mjög ólíkt honum því hann er ekki mikið fyrir það að hafa sig í frammi. Í ræðunni fer hann að segja frá því að við höfum átt fjörutíu ára brúðkaupsafmæli og fer að þakka mér fyrir þessu fjörutíu árum og ég hugsaði: Hvað er þetta? Ætlar hann að fara að skila mér, eða

hvað? En hann hélt áfram að tala og tala, sem mér fannst skrítíð, en málið var að presturinn hafði þurft að fara og skipta um föt, fara í prestsskyrtuna og Friðrik þurfti að drepa tímann á meðan. Þegar presturinn kom svo inn í hópinn í skyrtunni, fór ég að horfa í kringum mig og velta því fyrir mér hvort einhver væri að fara að gifta sig eða eitthvað. Þá reið Friðrik á vaðið og spurði hvort ég væri til í að giftast honum aftur og ég auðvitað játaði því. Þetta var voðalega fallegt og ég fór að skæla,“ segir Þuríður.

Lengra viðtal er við Þuríði í Brúðkaupsblaði Vikunnar.

„Hringinn átti að bera á baugfingri vinstri handar“

Við brúðkaup er algengt að fólk setji upp hringa en saga gullna einbaugsins nær allt aftur til Forn-Egypta. Þar tíðkaðist að smíða hringa úr málmi sem menn báru á baugfingri vinstri handar til marks um að þeir væru kvæntir.

Texti / Steingerður Steinarsdóttir

■ Þessi síður færðist þaðan yfir til Grikklands og Rómaveldis og breiddist síðan út um álfuna. Hringurinn var tákn eilífðarinnar og því handhægt og augljóst tákn um að manneskjur hefðu bundist böndum er ná áttu út yfir gróf og dauða. Hringinn átti að bera á baugfingri vinstri handar því Egyptar trúðu því að um hann lægi æð sem væri beintengd við hjartað.

Eftir að til Evrópu var komið varð hringurinn gjarnan hluti af heimanmundi ungra kvenna. Þá tíðkaðist ekki að karlmenn bæru giftingarhring heldur eingöngu konurnar. Hringurinn var sömuleiðis tengdur við lofordið um tryggð. Á sextándu og sautjándu öld urðu svokallaðir gimmel-hringir vinsælir. Þá voru þeir orðnir tveir og slíka bauga var hægt

að tengja saman og sérstakt lag þurfti til að ná þeim sundur. Nokkurs konar gestapraut. Þaríð bar hringana fram að athöfninni en meðan á henni stóð voru hringarnir tengdir saman en brúðguminn losaði þá síðan sundur frammi fyrir altarinu og dró á fingur brúðar sinnar. Ljóðhringar komust svo í tísku á endurreisnartímanum en þá var ljóð eða hluti ljóðlína grafín



í hringana. Um tíma var einnig vinsælt að hringarnir sýndu tvær hendur er mættust og héldu saman.

Hér á Íslandi setti fólk upp giftingarhringa sína þegar það trúlofaði sig en víða um heim eru sérstakir trúlofunarhringar sem eingöngu konan ber. Ákveðin hefð er að þeir séu skreyttir demöntum en vegna þess að þeir steinar eru einna harðasta efni jarðar þótti það til marks um hve traust og endingargóð ást þarsins væri. Lengi framan af voru þó margskonar aðrir steinar á borð við rúbína og safíra mjög vinsælir í trúlofunarhringa. Sá síður að gefa konu sérstakan

trúlofunarhring hefur aldrei náð að verða að venju hér. Hins vegar er algengt að íslenskir karlar gefi konum sínum fallega skreytta hringa í morgungjöf. Oft er þá um að ræða svokallaðar snúrur sem bornar eru ofan við giftingarhringinn. Sumir gefa konum sínum demantshring við fæðingu fyrsta barnsins.

Í dag er algengast að parið skiptist á hringum, þeir séu úr gulli og inn í þá grafin nöfn þeirra. Stundum er dagsetning brúðkaupsdagsins með og einnig eru algeng stutt skilaboð á borð við þinn/þín að eilífu. Giftingarhringir eru háðir tísku-sveiflum, þeir hafa verið breiðir, mjóir, einfaldir, mynstraðir, skreyttir steinum, kristilegum myndum og fleira og fleira.



Laktósafríir kryddostar,
tilvaldir í matargerðina
og smárétti.

ÁN LAKTÓSA
LACTOSE-FREE



arna.is

Eitt og annað

Texti / Steingerður Steinarsdóttir



Boðskort og þakkarbréf

Eitt sinn voru boðskort jafnsjálfsagður partur af hverri veislu og kampavín. Þótt nú sé vissulega fátíðara að boð komi með

póstinum finnst mörgum hins vegar gaman að marka stóru stundirnar í lífinu með skriflegum hætti og leggja mikla vinnu í fallg boðskort í brúðkaupið.



Áður en kortin eru gerð

Gerið lista yfir alla gestina og heimilisföng þeirra. Útbúið kortin og merkið við hvern og einn á listanum um leið og kortið er komið í umslagið með nafni og heimilisfangi viðtakanda.

Hvernig líta kortin út?

Boðskortin eru tækifæri til að vera persónulegur, setja tóninn fyrir veisluna og skapa það andrúmsloft sem hver og einn vill ná fram. Nú á dögum er auðvelt að hanna eigið kort í tölvunni og setja inn eitthvað er hefur þýðingu fyrir brúðhjónin, t.d. mynd af þeim eða einhverju sem endurspeglar samband þeirra og prenta út á vandaðan pappír.



Hvað á að koma fram?

Aðalatriðið að fullvissa sig um að allar upplýsingar er gesturinn þarf séu á boðskortinu. Þá er átt við stað og stund, hverjum er nákvæmlega boðið, hvort viðkomandi sé beðinn um að afboða sig fyrir einhvern tiltekinn tíma og sumir setja einnig á boðskortið í hvaða verslunum brúðhjónin hafi skráð sig á gjafalista. Það þykir einnig kurteisi að taka fram að ef veislan er haldin utandyra eða á stað þar sem ákveðinn klæðnaður er skynsamlegri en annar.

Hvenær eiga boðskortin að fara?

Gott er að miða við að boðskortin berist eigi síðar en tveimur mánuðum fyrir veisluna.

Þakkarbréf

Núorðið opna brúðhjón sjaldnast gjafirnar í veislunni og þess vegna er full ástæða til að senda öllum lítið kort eða bréf fljótlega eftir veisluna og þakka fyrir sig. Sumir byrja hvert bréf um leið og þeir opna gjöfina, Kæra Gunna fráenka, þakka þér kærlega fyrir þetta flotta fat. Með því móti er öruggt að öllum er þökkud rétt gjöf.

Í tösku brúðarinnar

Góð hugmynd fyrir brúði er að taka saman svokallaða neyðartösku. Í henni á að vera allt það sem hún gæti þurft á brúðkaupsdaginn, til dæmis verkjatöflur, öryggisnælur, nál og tvinni, glært naglaklak, hárlakk, hársþennur, augnháralím, bursti eða greiða og aukakælonsockar eða -sockabuxur. Einnig er gott að hafa tissjú og blautklúta við hendina, plástra, skæri, naglaþjöl, lítinn spegil og jafnvel penna. Að lokum þær snyrtivörur sem henta hverri og einni. Púður og varalitur eða -gloss eru efst á blaði og einnig er gott að hafa rakasprey sem frískar upp á húðina. Lítið glas af uppáhalds-ilmvatninu er líka mjög hentugt.



Urban Decay All Nighter-púður.

Bioeffect Water Mist-rakasprey.

Umsjón / Ragnhildur Aðalsteinsdóttir

Lancôme L'Absolu Gloss Plumping-varagloss.

YSL Black Opium Click & Go travel-ilmvatns-penninn.



Stillanlegt rúm, Ambassador*

Verð frá: 577.400.-

Skoðaðu rúmin okkar áður en þú tekur ákvörðun.

JENSEN

Designed for Sleep Comfort
www.jensen-beds.com

Skeifan 6 / 5687733 / epal.is



Nordic Seamless*

Verð frá: 353.600.-



Jensen rúm:

- Hvert rúm er sérgert fyrir þig.
- 25 ára ábyrgð á gormakerfi.
- Skandinavísk hönnun.

Norsk gæðaframleiðsla frá 1947.

- Áratuga reynsla.
- Gæði, ábyrgð og öryggi.
- Stillanleg rúm, Continental og boxdýnur.
- Yfirdýnur í úrvali.

Stuttur afhendingartími,

- ótal möguleikar.
- Mikið úrval af göflum, náttborðum og yfirdýnum

Continental*

Verð frá: 420.600.-



* Aukahlutir gafl, náttborð og lampar eru ekki innifaldir í verði.



Sleggjan



„Þeir sem ætla að hnoða í eina lauffléttu skrýttu á kostnað þeirra sem stýrðu WOW og tóku sjénsinn með þeim og deila hérna á Facebook – hafið það þá í huga að við erum öll í bátum og hann er lengst út á miðju Atlantshafi. Þetta hefur áhrif á okkur öll – nema þú sért ekki með bankareikning, afborganir eða þurfir að versla í matinn á þessu ári.“

Einar Bárðarson athafnamaður.

„Aðgát skal höfð í nærveru sálar“

Sigmar Vilhjálmsson, athafnamaður um WOW air.



„Ég get aldrei fyrirgefið mér að hafa ekki gripið til ráðstafana fyrr því það er ljóst að Wow var ótrúlegt flugfélag og við vorum á réttu leið til að gera frábæra hluti á ný.“

Skúli Mogensen.



„Elsku guð, viltu hjálpa Íslandi að halda áfram að passa að ríku mennirnir haldi áfram að vera ríkir og fólkið sem fær 340.000 krónur útborgaðar á mánuði haldi áfram að fá 340.000 krónur útborgaðar á mánuði? Af því að annars gæti eitthvað mjög hræðilegt gerst...“

Sólveig Anna Jónsdóttir, formaður Eflingar.



„Hvað sem okkur kann að finnast um pólitíkusa almennt, þá er enginn vafi á því að kurteist og snyrtilegt fólk er að öðru jöfnu betri stjórnálamenn en sóðalegir ribbaldar.“

Benedikt Jóhannesson kallar eftir því að stjórnálaumræðan hér á landi komist á hærra plan.

„Landslið Hamrén hefur verið hræðilegt frá fyrsta degi. Taktískt erum við í klúðri og andinn í liðinu virðist algjörlega í molum. Svakalega dapurlegt.“



Fjölmiðlamaðurinn Felix Bergsson lá ekki á skoðun sinn eftir súrta tap íslenska karlalandsliðsins í fótbolta gegn Frakklandi, 0-4, í undankeppni EM 2020. Fjölmarginir Íslendingar voru reiðir vegna úrslitanna.



„Það er alltaf fúlt að tapa en við töpuðum gegn heimsmeisturunum sem kemur kannski ekki á óvart.“

Erik Hamren, landsliðsþjálfari karlalandsliðsins.



„Þetta var illa tapað hjá okkur, 4-0 illa tapað.“

Landsliðsfyrirliðinn Aron Einar Gunnarsson.



„Heldurðu að þú munir einhvern tímann opna fyrir aðgang að Wikipedia? Það eru liðnir fjórir dagar og ég sakna þess að geta skoðað markamet knattspyrnumanna og fundið skemmtilegar staðreyndir um Metallica.“

Hjórvor Hafliðason skammar Erdoğan Tyrklandsforseta á Twitter fyrir að komast ekki inn á Wikipediu en lokað var fyrir aðgang að síðunni þar í landi 2017. Hjórvor hefur verið með liði KA í æfingarferð í Tyrklandi.


Góð vika



Halldór Benjamín Þorbergsson

Eftir erfiða umfjöllun undanfarið fengu úlitsgjafar uppreið æru í vikunni þegar Reykjavíkurborg leitaði til þriggja slíkra og borgaði þeim fyrir að auglýsa verkefnið „hverfið mitt“. En fegnastur allra hlýtur að vera Halldór Benjamín Þorbergsson, formaður Samtaka atvinnulífsins, sem tókst á elleftu stundu að koma í veg fyrir tveggja sólarhringa verkfall hjá starfsmönnum í ferðapjónustu. Þótt forsvarsmenn verkalyðshreyfingarinnar hafi ekki virkað sérlega spennir fyrir því að aflysa verkföllum á að setjast niður og gera alvöruatögu að kjarasamningum.

Slæm vika



Skúli Mogensen, forstjóri WOW air

Eftir margra mánaða baráttu þurfti Skúli Mogensen loksins að leggja árar í bát. WOW air er fallið. Vissulega gerði Skúli margháttuð mistök í rekstri sínum en hann verður ekki sakaður um að hafa hlaupist frá borði á ögurstundu. Hann barðist fram á síðustu mínútu, lagði sínar persónulegar eignir að veði og tjónið fyrir hann persónulega er gríðarlegt. Ólíkt mörgum viðskiptamönnum sem létu sig hverfa þegar bankakerfið hrundi eins og það lagði sig, steig Skúli fram fyrir skjöldu, bað starfsfólk og farþega einlæglega fyrirgefningar og tók fulla ábyrgð á því hvernig fór.

PÁSKATILBOÐ



20% AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM
INNRETTINGUM
TIL PÁSKA



Friform ehf.
Askalind 3,
201 Kópavogur.
562-1500
Friform.is



Innlent
WOW AIR

Í brennidepli

Texti / Magnús Geir Eyjólfsson Myndir / Isavia og úr safni



Svartasta sviðsmyndin verður að veruleika

Íslenskt hagkerfi stefnir hraðri leið í sitt fyrsta samdráttarskeið í 10 ár. Fall WOW air gerir það að verkum að svartasta sviðsmyndin sem teiknuð var upp í nýrri hagspá Arion banka virðist ætla að ganga eftir.

Hvert áfallið á fætur öðru rekur á fjörur íslensks efnahagslífs um þessar mundir. Vinnuþátturinn er í uppnámi og ef ekki semst fljótlega skellur á hrina verkfalla í apríl og maí, tap af loðnubresti miðað við útflutningstekjur í fyrra jafngildir því að ferðamönnum fækki um 124 þúsund og fall WOW air í gær er svo þyngsta höggið til þessa. Arion banki kynnti í vikunni nýja hagspá og í ljósi þeirrar stöðu sem WOW var í ákvað greiningardeild bankans að kynna tvær hagspár, eina þar sem gert er ráð fyrir að WOW lifði af og aðra þar sem WOW hyrfi af markaði. Því miður hefur síðari valmöguleikinn raungerst.

Samkvæmt spánni hafði verið gert ráð fyrir 0,8 prósentu samdrætti landsframleiðslu og fækkun ferðamanna um ný prósentu hefði WOW lifað af. En með falli WOW hljóðar spáin upp á nærri tveggja prósentu samdrátt og fækkun ferðamanna um 16 prósent. Gera má ráð fyrir að þessi mikla fækkun ferðamanna hafi áhrif á störf víðar en bara hjá WOW og þeirra helstu viðskiptavinum.

Ferðaþjónusta er vinnuafsfrek atvinnugrein og fyrir hverja 110 ferðamenn hefur orðið til eitt nýtt starf. Er það mat bankans að störfum geti fækkað um allt að 2.500 á næstu 12 mánuðum. Mörg ferðaþjónustufyrirtæki standa nú þegar höllum fæti og óvíst hvort þau geti staðið af sér fall WOW ofan í fyrirséðar launahækkningar.

Góðu fréttirnar eru þær að hagkerfið er mun betur í stakk búið til að takast á við áfall nú en það var árið 2008. Skuldastaða ríkissjóðs, fyrirtækja og heimila er almennt góð og erlend staða þjóðarbúsins „ævintýrleg“ eins og Erna Björg Sverrisdóttir, sérfræðingur Arion banka, orðaði það. Þá á Seðlabanki Íslands 750 milljarða króna í hreinum gjaldeyrisforða.

„Gera má ráð fyrir að þessi mikla fækkun ferðamanna hafi áhrif á störf víðar en bara hjá WOW og þeirra helstu viðskiptavinum.“

Tuttugu og sjö prósent komu með WOW til Íslands

Nú af hverjum tíu eiga aðra kosti en WOW

Fargjöld munum hækka


Fleiri getu fylgt í kjölfar WOW

Ferðaþjónustan hefur á nokkrum árum orðið ein allra mikilvægasta atvinnugrein Íslands og nemur hlutur hennar af landsframleiðslu 11 prósentum. Alls heimsóttu 2,3 milljónir ferðamanna Ísland í fyrra og miðað við spá Arion banka um samdrátt vegna falls WOW má gera ráð fyrir að þeir verði færri en tvær milljónir í ár. Þá komu 27 prósent allra ferðamanna til landsins með WOW í fyrra, 42 prósent með Icelandair og 31 prósent með öðrum flugfélögum.

Auk Icelandair fljúga 25 flugfélög til og frá Keflavík í ár. Sumaráætlun WOW gerði ráð fyrir 24 reglulegum áfangastöðum í sumar, 18 í Evrópu og sex í Ameríku. Af þessum stöðum flýgur Icelandair til 10 áfangastaða í Evrópu og fimm í Ameríku. Séu öll flugfélög tekin með í reikninginn er flogið til Íslands frá 16 af 18 áfangastöðum WOW. Þetta þýðir að í langflestum tilfellum hafa þeir sem ætluðu að fljúga með WOW aðra möguleika í stöðunni og aðeins Lyon og Detroit falla út af Evrópu- og Ameríkumarkaði sem og Tel Aviv í Ísrael.

Hinn kaldi veruleiki er hins vegar sá að til skemmri tíma litið munu fargjöld líklega hækka, að minnsta kosti til skemmri tíma. Flugfargjöld til og frá Íslandi hafa lækkað mjög undanfarin fimm ár og hefur flugmiðinn verið að meðaltali 40 prósentum lægri en hann var árið 2014. WOW hafði að stórum hluta leitt þessa lækkun og kom fram í erindi Elvars Inga Möller, sérfræðings hjá Arion banka, að WOW hafi að meðaltali greitt 1.000 krónur með hverjum farþega í leiðarkerfi sínu. Það var þannig ekki innistæða fyrir svo lágum fargjöldum.

Fall WOW kann að vera undanfari þess sem koma skal á evrópskum flugmarkaði. Í máli Elvars Inga kom fram að evrópskur flugmarkaður stendur á krossgötum og fram undan kann að vera tímabil gjaldþrota og sameininga líkt og gerðist í Bandaríkjunum árið 2005. Flugmarkaðurinn í Evrópu hefur einkennst af miklum vexti undanfarin ár en hagnaður á hvern farþega er umtalsvert minni en hjá bandarískum flugfélögum. Sem dæmi má nefna að Norwegian, sem hefur verið frekt til fjörsins síðustu ár, hefur horfið frá áherslum um frekari vöxt.



BORÐPLÖTUR OG SÓLBEKKIR

- Gæðavörur úr harðplasti, akrílstein, Fenix og límtré
- Mikið úrval efna, áferða og lita
- Framleiðum eftir óskum hvers og eins
- Hentar jafnt fyrir heimili, vinnustaði og almenningsvæði

Fanntófell hefur sérhæft sig í framleiðslu á borðplötum og sólbekkjum síðan 1987.

Fanntófell ehf. | Gylfaflöt 6-8 | 112 Reykjavík | Sími 587 6688 | fanntofell.is



Fanntófell



HEILSÁRS- YFIRHAFNIR

Skoðið laxdal.is/yfirhafnir



Fylgið okkur á facebook



Afpreying

KROSSGÁTA

		TÖFRA	LEYSIR		HÖKTA	Í RÖÐ	SVELGUR	DJAMM		YNDIS	TÁKNA
	PRÁ- LYNDUR										
	SRÍÐNI		NÖLDRA VIÐRÆÐA					NÚNA AFKVÆMI			
	LÆRA				ÓSKIPTAN BROTT						
	HROKI						LOKKA VERSLA				
	LOGA		KÁSSA KLIFUN					SJÚK- DÓMUR ÖL			FISKA
	↓	ÓSKERT	SKÓLI	ILLT UMTAL		SKRAF KRAFSA				LÝTA	
SÆLGÆTI					HLJÓÐFALL STÆKKUÐU				BELTI HLUTA		
GUBB			FELL RISI				DÆLA ÁRSTÍÐ				
TVEIR EINS		PRÁÐUR PEI			VANHAGUR KERALDI						BLÓMI
MARÐAR- DÝR			ENDA TITILL				DRUNUR GUNGA				
	EINS ERTA				SKORDÝR KVK NAFN			SKEL GORTA			
STARFA			TVEIR EINS FJAND- MANNA			PUMPUN SKYLDI			TVIHLJÓÐI TUDDA		
ÚR HÓFI		KATTAR- DÝR MÖÐURLÍF			ÁFORM HRÍNA					BOÐAFÖLL	
ÓVILD			ÓVILJANDI STROFF			TEYGJUDÝR MEIN					
	HÆRRI KOMAST				GÓL RÚN			FOR AÐGÆTA			ÁTT
ILMUR				NOT				MÁLmur			
SLÁ		BIK				VEGSAMA					

Létt					Miðlungs					Erfið									
		8	2		3	4		9	8	6					5				
9		6	3	5			3		4	4	7								
	3		1	2	9	9		6			8	5		4	2				
	8			4	3	9	8	5			6	4	5	8					
3	2				6	1		7	2	6	9		7	9	4	1			
	5	4			8				9	2	3			7	3	9	6		
	1	5	4		3				8		7			8	5		3	4	
		6		1	7	5		5		2							6	7	
			2	5			2	9	1		6	4	3						

Kannaðu þekkingu þína á mannlíf.is

Í fréttum á heimasíðu Mannlífs er að finna svörin við þessum spurningum.

1

Hver er Michael Ridley sem sat fund í vikunni með völdum ráðherra ríkisstjórnarinnar um stöðuna hjá WOW?

2

Hvað heitir maðurinn sem smitaðist fyrstur Íslendinga af mislingum í febrúar?

3

Tveir ljósmyndarar Birtings, þau Aldís Pálsdóttir og Hallur Karlsson voru verðlaunuð á dögnum á árlegri sýningu íslenskra blaðaljósmyndara. Fyrir hvað?

4

Nýverið var sýning opnuð sem ber yfirskriftina „Grafískar konur“, en á henni sýna 26 konur verk sín. Hvert er markmiðið með sýningunni?

5

Starfsfólk hvaða fyrirtækis bauðst til að setja laun sín upp í hlutafé þess í vikunni og af hverju?

Betna veður í boði!

Calpe

★★★★
LARIMAR APARTMENTS

Brottför 7.–14. maí — 7 nætur
Íbúð með einu svefnherbergi

69.900 kr.

Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn.
Verð frá 87.900 kr. á mann m.v. 2 fullorðna.

Almería

★★★★
ARENA CENTER

Brottför 31. maí – 7. júní — 7 nætur
Stúdíóíbúð

92.900 kr.

Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn.
Verð frá 117.900 kr. á mann m.v. 2 fullorðna.

Albair

★★★★★
ALBIR PLAYA

Brottför 20.–27. ágúst — 7 nætur
Tvíbýli með morgunverði

92.900 kr.

Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn.
Verð frá 121.900 kr. á mann m.v. 2 fullorðna.

Tenerife

★★★★
HOVIMA SANTA MARIA

Brottför 14.–21. maí — 7 nætur
Íbúð með einu svefnherbergi og sjávarsýn

99.900 kr.

Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn.
Verð frá 119.900 kr. á mann m.v. 2 fullorðna.

Kanarí

★★
CORONA BLANCA

Brottför 3.–10. júní — 7 nætur
Íbúð með einu svefnherbergi

78.900 kr.

Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn.
Verð frá 95.900 kr. á mann m.v. 2 fullorðna.

Kanarí

★★
TENEGUIA

Brottför 26. ágúst – 2. september — 7 nætur
Íbúð með einu svefnherbergi og sundlaugarsýn

65.900 kr.

Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn.
Verð frá 79.900 kr. á mann m.v. 2 fullorðna.

Tenerife

★★★★★
CORAL LOS ALISIOS

Brottför 22.–29. maí — 7 nætur
Íbúð með einu svefnherbergi

65.900 kr.

Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn.
Verð frá 84.900 kr. á mann m.v. 2 fullorðna.

Almería

★★★★
PIERRE VACANCES

Brottför 16.–23. ágúst — 7 nætur
Íbúð með tveimur svefnherbergjum

91.900 kr.

Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn.
Verð frá 112.900 kr. á mann m.v. 2 fullorðna.

plús
FERÐIR

Komdu út í Plús!

BÓKAÐU Á PLUSFERDIR.IS

Innifalið í verðum: flug, skattar, 20 kg ferðataska, handfarangur og gisting.

Birt með fyrirvara um prentvillur, stafabrengl, og önnur „úps“.

Spennandi matarupplifun í Kaupmannahöfn

Kaupmannahöfn er alþjóðleg borg þar sem innflytjendur frá ólíkum heimshornum hafa sett svip sinn á menningu borgarinnar og er matarflóran eftir því. Mikil uppbygging hefur verið í veitingabransanum í Kaupmannahöfn undanfarin ár og hafa danskir matreiðslumenn verið framarlega í að kynna sjálfbæra framleiðslu og elda með hráefnum úr nærumhverfinu.



Texti / Folda Guðlaugsdóttir
Mynd / Frá veitingastöðum



Mynd / Per-Anders Jorgensen

Matreiðslumaðurinn Christian F. Puglisi er með einstaka sýn á matargerð þar sem lífræn framleiðsla er í hávegum höfð og áhersla lögð á hráefni úr nærumhverfinu. Christian er fæddur á Sikiley og er talinn vera meðal fremstu matreiðslumanna heims í dag. Hann flutti til Danmerkur sjö ára gamall með ítölskum föður sínum og norskrí móður þar sem hann byrjaði að vinna í eldhúsum einungis 17 ára gamall. Eftir að hafa unnið á stöðum eins og El Bulli og NOMA ákvað þessi metnaðarfulli matreiðslumaður að stofna sinn eigin veitingastað en lét þó einn ekki duga og rekur í dag fjóra staði sem tengjast allir saman þar sem við sjáum sýn hans á matargerð verða að veruleika. Relæ, Manfreds, Mirabelle og Bæst eru allt staðir sem hafa virkilega auðgað matarflórana í Kaupmannahöfn.

Relæ

Jægersborggade 41

Relæ er fyrsti staðurinn sem Christian opnaði í Kaupmannahöfn og hefur hann hlotið Michelin-stjörnu ásamt fjólda viðurkenninga, þar á meðal Sustainable Restaurant-verðlaunin tvö ár í röð. Hönnun staðarins er látlaus og matargerðin er tilgerðarlaus og vönduð þar sem hráefnin fá að njóta sín. Það er einstök upplifun að borða á Relæ og ég mæli hiklaust með því að gestir panti sér svokallaðan Relæ menu með vínþörun. Hægt er að bóka borð bæði í hádeginu og á kvöldin en hafa skal í huga að þar sem Relæ er Michelin-veitingastaður þarf að panta borð með mjög góðum fyrirvara.

Manfreds

Jægersborggade 40

Hinum megin við götuna frá Relæ er Manfreds staðsettur. Þessir tveir veitingastaðir vinna náið



„Relæ, Manfreds, Mirabelle og Bæst eru allt staðir sem hafa virkilega auðgað matarflórana í Kaupmannahöfn.“

saman við nýtingu á hráefni þar sem til að mynda er keyptur inn heill skrokkur af dýri og hjálpast staðirnir að við að nýta allt sem hægt er þannig að ekkert fari til spillis en þetta er einmitt hluti af matarsýn Christians. Hjá Manfreds er lögð áhersla á grænmeti sem eldað er með nýstárlegum hætti og breytist matseðillinn eftir árstíðum, en þrátt fyrir áherslu á grænmeti er staðurinn frægur fyrir nautatartarið sem talið er ómissandi. Manfreds var einnig fyrsti staðurinn í Kaupmannahöfn sem leggur áherslu á náttúruvín á vínseðli sínum. Frábært er að panta sér nokkra litla rétti og smakka öðruvísi náttúruvín með. Hægt er að borða bæði í hádeginu og á kvöldin og mæli ég með því að panta borð, sérstaklega um helgar.

Mirabelle

Guldbergsgade 29

Á Mirabelle er lögð áhersla á lífræna danska framleiðslu sem innblásin er af Ítalíu þar sem heimagerðir ostar og pasta eru áberandi á matseðlinum. Mirabelle er opinn frá morgni til kvölds og er starfrækt bakarí innanhúss sem blasir við gestum þegar þeir ganga inn. Andrúmsloftið á Mirabelle er afslappað og notalegt þar sem lögð er áhersla á að fólk panti nokkra litla rétti sem hægt er að deila með öllum við borðið, eins og er orðið vinsælt á mörgum veitingastöðum. Ef farið er í bröns mæli ég með ekta dönsku rúgbrauði sem borið er fram með linsöðnu egg, spínati og hollandise-sósu. Bakaríið hjá Mirabelle sér einnig um bakstur á brauðum fyrir Relæ, Manfreds og Bæst þannig að frábæra súrdeigsbrauðið þeirra ætti ekki að fara fram hjá neinum sem leggja leið sína á þessa staði. Hægt er að panta borð yfir allan daginn og mæli ég með að panta borð enda staðurinn vinsæll.

Bæst

Guldbergsgade 29

Bæst blandar saman lífrænum dönskum hráefnum og vinnur þau samkvæmt gömlum ítölskum hefðum. Staðurinn býr til sitt eigið kjötálegg „charcuterie“, eða þurrkaðar pylsur úr dönsku svínakjöti og sinn eigin mozzarella-ost þar sem notast er við mjólk úr kúm sem eru í eigu staðarins, aðeins 40 km í burtu. Það verður ekki meira beint frá byli en það. Súrdeigpítsurnar á Bæst eru með þeim bestu sem ég

hef smakkað þar sem eðalhráefnið skín í gegn. Starfsfólk staðarins hefur mikla þekkingu á matnum og framleiðslunni og einnig er algengt að matreiðslumennirnir sjálfir komi fram og kynni matinn fyrir viðskiptavinum sem fá að sjá og heyra hversu mikill metnaður er lagður í matargerðina. Ég mæli með því að fólk fari í Bæst „experience menu“ þar sem boðið er upp á allt það besta á matsölinum. Einnig eru þeir með frábæran vínseðil og góða kokteila. Vissara er að panta borð og þá sérstaklega um helgar.



Gott að vita

- **Frá Kastup-flugvelli er einfaldast og ódýrast að taka jarðlest frá brautarstöðinni undir stöðvarhúsi 3 inn í borgina.** Vagnar fara til og frá á tíu mínútna fresti á daginn en á 20 mínútna fresti á kvöldin. Ferðin inn í borgina tekur rösklega tólf mínútur að Nørreport-lestarstöðinni í miðbænum en flestir vagnar halda áfram ferð sinni alla leið til Vanløse.
- **Kaupmannahöfn er frekar örugg borg** en gott er þó að hafa í huga að vasapjófur geta stundum verið á kreiki í kringum fjölfarnar götur og lestarstöðvar.
- **Auðvelt er að ferðast með strætisvögnum** í Kaupmannahöfn og er hagstætt að kaupa kort sem hægt er að fylla á.
- **Gott er að kynna sér svokallað Copenhagen card** en það gæti verið hagstætt þar sem mikið er innifalið í því svo sem aðgangur að söfnum og Tivólíinu og ýmsar samgöngur.
- **Sniðugt getur verið að leigja sér hjól í Kaupmannahöfn** enda nota flestir íbúar hjól til að komast á milli staða. Víða er hægt að leigja hjól en um að gera er að kynna sér umferðarreglurnar áður en lagt er af stað.



VALABLIS | TIL MEÐFERÐAR VIÐ FRUNSUM

- INNIHELDUR VALACÍKLÓVÍR
- ÓÞARFI AÐ KOMA VIÐ SÝKT SVÆÐI
- TVEIR SKAMMTAR Á 12 TÍMUM
- FYRSTA LYFIÐ TIL INNTÖKU FÁANLEGT Í LAUSASÖLU
- EKKI SJÁANLEG MEÐFERÐ Á VÖRUM

Valablis 500 mg filmuhúðaðar töflur. Ábendingar: Valablis er notað til að meðhöndla frunsur hjá heilbrigðum einstaklingum með eðlilega nýrnastarfsemi sem eru 18 ára og eldri og hafa áður verið greindir af lækni með áblástur (frunsur) og þurfa endurtekna meðferð vegna áblásturs. Lyfið virkar með því að drepa eða stöðva vöxt veira sem

kallast herpes simplex. Dagsetning endurskoðunar textans: 8. febrúar 2017. Lesið vandlega upplýsingar á umbúðum og fylgiseðli fyrir notkun lyfsins. Leitið til læknis eða lyfjafræðings sé þörf á frekari upplýsingum um áhættu og aukaverkanir. Sjá nánari upplýsingar um lyfið á www.serlyfjaskra.is.

FÆST ÁN LYFSEÐILS Í NÆSTA APÓTEKI | LESIÐ FYLGISEÐILINN FYRIR NOTKUN

alvogen.is





Menning

MYNDIR ÁRSINS
2018

Tímaritamynd ársins 2018

Herra Hnetusmjör
Árni Páll Árnason
tónlistarmaður

Ljósmyndari / Hallur Karlsson

Umsögn dómnefndar: „Þessi ljósmynd af rapparanum Herra Hnetusmjör er mjög vel heppnuð. Ljósmyndaranum tekst að búa til mjög einfalda mynd sem er um leið drekkláðin upplýsingum. Núið og það sem er að gerast þar; dægurmenning, tónlist og tíska. Hápunktur velgenginnar á því sviði – gull og grænir skógar.“



Dúnleitir í Hvallátrum, Þorvaldur Björnsson. Ljósmyndari / Ragnhildur Aðalsteinsdóttir



Daglegt líf mynd ársins 2018 – Eyland, fæðing. Ljósmyndari / Aldís Pálsdóttir

Umsögn dómnefndar: „Ljósmyndarinn nær að athafna sig í óreiðukenndum aðstæðum. Hann sýnir okkur aðstæður í heimahúsi þar sem fólk er í senn í hversdagslegum og óhversdagslegum stellingum. Mjög margt er að gerast á myndinni hann nær að einblína á tilfinningar og sársaukann sem eru allt umlykjandi.“



Helgi Björnsson tónlistarmaður.
Ljósmyndari / Hallur Karlsson

Ljósmyndarar Birtíngs sigursælir

Tveir ljósmyndarar Birtíngs voru verðlaunaðir um helgina á árlegri sýningu íslenskra blaðaljósmyndara. Aldís Pálsdóttir var hlutskörpust í flokknum dagleg líf og Hallur Karlsson átti bestu myndina í flokki tímarita. Að auki voru ljósmyndarar Birtíngs tilnefndir í flestum flokkum og þar á meðal fyrir myndir sem birtust í Mannlífi á síðasta ári og sjá má hér á síðunni. Sýningin er í Smáralind og er opin til 4. apríl næstkomandi. Einnig má sjá allar myndirnar á heimasíðunni myndirarsins.is.



Katrín Jakobsdóttir, forsætisráðherra.
Ljósmyndari / Hákon Davíð Björnsson



Lára Jóhanna Jónsdóttir leikkona.
Ljósmyndari / Hákon Davíð Björnsson



Jónas Sigurðsson tónlistarmaður.
Ljósmyndari / Hákon Davíð Björnsson

KIA Í SAMVINNU VIÐ FONTANA KYNNIR:

**SKEMMTILEGASTA
HJÓLREIÐAKEPPNI ÁRSINS**

KIA GULL

2019



31. ÁGÚST 2019

**KIA
BRONS**
48 KM



**KIA
SILFUR**
65 KM

**KIA
GULL**
106 KM

SKRÁNING HEFST **LAUGARDAGINN 30. MARS KL. 13**



TAGHeuer



CINTAMANI

GARMIN



Snickers
WORKWEAR

COMPRESport
VEINO-MUSCULAR COMPRESSION TECHNOLOGY

SNICKERS

MARGT & MIKIÐ

HOLTASMÁRA 1, 201 KÓPAVOGI • WWW.MARGTOGMIKID.IS

THULE CROSSOVER
45L Ferðataska á hjólum
kr. 45.900
kr. 36.720



-20%

THULE CROSSOVER
38L Ferðataska á hjólum
kr. 34.900
kr. 27.920



-20%

THULE CROSSOVER 2
30L Bakpoki 15.6"
kr. 28.900
kr. 23.120



-20%

THULE CROSSOVER 2
Tölvutaska 15.6"
kr. 25.900
kr. 20.720



-20%

THULE CROSSOVER 2
Tölvutaska 13.3"
kr. 19.900
kr. 15.920



-20%

THULE VEA
25L Bakpoki
kr. 18.900
kr. 15.120



-20%

THULE LITHOS
20L Bakpoki
kr. 11.200
kr. 8.960



-20%

THULE CROSSOVER 2
Bakpoki/Taska 15.6"
kr. 28.900
kr. 23.120



-20%

THULE CROSSOVER 2
20L Bakpoki 14"
kr. 25.900
kr. 20.720



-20%

THULE VEA
21L Bakpoki
kr. 18.900
kr. 15.120



-20%

-20%

-20%

THULE VITAL
3L Vökvabakpoki
kr. 14.990
kr. 11.992

THULE VITAL
6L Vökvabakpoki
kr. 17.990
kr. 14.392

THULE VITAL
8L Vökvabakpoki
kr. 20.990
kr. 16.792



-20%

THULE SUBTERRA
34L Bakpoki
kr. 23.800
kr. 19.040



-20%

THULE VEA
17L Bakpoki
kr. 14.900
kr. 11.600

THULE ENROUTE
21L Bakpoki
kr. 12.300
kr. 8.610

-20%

THULE SUBTERRA
40L Handfarangurstaska
kr. 27.900
kr. 22.320



-30%

THULE ENROUTE
18L Bakpoki
kr. 11.600
kr. 6.960



-20%

THULE SUBTERRA
30L Bakpoki
kr. 19.950
kr. 15.960



-20%

THULE SUBTERRA
23L Bakpoki
kr. 17.400
kr. 13.920



-40%

THULE ENROUTE
18L Bakpoki
kr. 11.600
kr. 6.960



-20%

THULE SUBTERRA
36L Ferðataska á hjólum
kr. 36.400
kr. 29.120

VANDAÐAR FERMINGARGJAFIR Á TILBOÐSVERÐI

NÁNARI UPPLÝSINGAR Á MARGTOGMIKID.IS

THULE®

SWEDEN



THULE CAPSTONE
50L Herra og dömu bakpoki
kr. ~~25.900~~
kr. **20.720**

THULE CAPSTONE
40L Herra og dömu bakpoki
kr. ~~22.900~~
kr. **18.320**

THULE CAPSTONE
32L Herra og dömu bakpoki
kr. ~~19.900~~
kr. **15.920**

THULE CAPSTONE
22L Herra og dömu bakpoki
kr. ~~17.900~~
kr. **14.320**



THULE CHASM DUFFEL
4 stærðir / 4 litir í öllum stærðum

40L kr. 13.800 kr. 11.040	90L kr. 16.600 kr. 13.280
70L kr. 15.200 kr. 12.160	130L kr. 19.400 kr. 15.520



THULE GUIDEPOST
Herra og dömu bakpokar

85L kr. 46.600 kr. 37.280	75L kr. 42.900 kr. 34.320	65L kr. 39.900 kr. 31.920
--	--	--



THULE VERSACLICK AUKAHLUTIR FYRIR GÖNGUBAKPOKA

- | | |
|--|--|
| 1. MYNDAVÉLA-
HULSTUR Stórt
kr. 4.290
kr. 3.432 | 4. MYNDAVÉLA-
HULSTUR Lítið
kr. 2.860
kr. 2.288 |
| 2. VATNSHELDUR VASI
kr. 2.860
kr. 2.288 | 5. AUKAHLUTAPOKI
kr. 2.860
kr. 2.288 |
| 3. BRÚSAHALDARI
kr. 3.490
kr. 2.792 | |



THULE STIR
Herra og dömu bakpokar

35L kr. 16.900 kr. 13.520	18L kr. 12.900 kr. 10.320
28L kr. 16.900 kr. 13.520	15L kr. 7.200 kr. 5.760
20L kr. 12.900 kr. 10.320	

THULE VERSANT
Herra og dömu bakpokar

50L kr. 28.900 kr. 23.120	60L kr. 31.500 kr. 25.200	70L kr. 32.900 kr. 26.320
--	--	--



THULE ALLTRAIL
Herra og dömu bakpokar

35L kr. 21.900 kr. 17.520	45L kr. 25.900 kr. 20.720
--	--

PANTAÐU Á
www.margtogmikid.is
OG FÁÐU SENT



Texti / Steinar Fjeldsted



Varð fyrir einelti í skóla

Sara Pétursdóttir, eða Glowie eins og flestir þekkja hana, er heldur betur á blússandi siglingu um þessar mundir en hún var að senda frá sér lagið Cruel.

■ Glowie vinnur náði með **Tayla Park** en hún hefur samið marga smelli fyrir ekki ómerkara fólk en **Ariana Grande**, **Anderson Paak** og **Khalid** svo nokkrir séu nefndir. Cruel fjallar um hvað krakkar geta verið grimmir en sjálf lenti Glowie í einelti í skóla fyrir að vera of grónn. Hún varð mjög ódugg með eigin líkama en í dag er hún sátt við sjálfa sig og vill miðla reynslu sinni áfram í gegnum tónlist sína.

Janus Rasmussen sendir frá sér sína fyrstu sólóplötu



■ Færeyski raftónlistarmaðurinn **Janus Rasmussen** sendir frá sér sína fyrstu sólóplötu, **Vín**, í dag, föstudaginn 29. mars. Fyrsta smáskífan af Vín ber nafnið Lilla og fór í spilun 8. mars. Lagið hefur þegar fengið um 250.000 spilunar á Spotify, hvorki meira né minna.



Tvær smáskífur eru væntanlegar með Heiðrúnu Önnu Björnsdóttur og einnig ný plata seinna á árinu.

Vinnur að nýrri plötu

Tónlistarkonan og lagasmiðurinn **Heiðrún Anna Björnsdóttir** kom heim á klakann til að taka þátt í **Söngvakeppni Sjónvarpsins** með lagi sínu **Helgi** eða **Sunday Boy**. Nú vinnur hún að því að klára tvær smáskífur og er auk þess með nýja plötu í smíðum.

Texti / Sigrún Guðjohnsen Mynd / Saga Sig

■ augnablikinu er ég að vinna í því að klára tvær smáskífur. Veit ekki hvora þeirra ég ætla að gefa út fyrst, rólega bíómyndalagið eða danslagið. Stefni alla vega að því að gefa annað þeirra út eftir tvo mánuði, vonandi bara stenst það,“ segir Heiðrún Anna, sem vinnur nú einnig hörðum höndum að útgáfu nýrrar plötu undir listamannsnafninu Lúlla sem er gælunafn Heiðrúnar innan fjölskyldunnar.

„Þetta er electronic-popplata sem hefur verið í vinnslu undanfarið tvö og hálf ár. Við gáfum út sex lög af plötunni í fyrra, nýjasti „sínúllinn“ heitir Nothing Changes. Það er hægt að nálgast öll lög in á Spotify. Restin af plötunni kemur út þegar við höfum tíma, að öllum líkindum seinna á árinu.“

Boðið að vera með á Spice Girls-plötu

Heiðrún hefur búið í Englandi síðustu 23 ár og á að baki farsælan feril í tónlist. Hún var á samningi hjá Universal Publishing til margra ára og hefur unnið með ýmsu þekktu listafólki, þar á meðal Swedish House Mafia sem gerði remix af lagi hennar *Beating of my Heart* sem hún gaf út með þáverandi hljómsveit sinni

Cicada. Einnig var hún fengin til að semja fyrir Spice Girls þegar sveitin hugði á endurkomu fyrir tíu árum. „Ég var boðuð á fund hjá Simon Fuller eftir að hann hlustaði á lög in mín. Hann varð yfir sig hrifinn af einu þeirra, Angels, og vildi fá að nota það sem endurkomulag fyrir Spice Girls. Þær voru að gefa út best of-plötu og þar áttu að vera tvö ný lög. Þær tóku lagið mitt upp og allt var tilbúið þegar mér var tilkynnt að gamli pródúserinn þeirra fengi mitt pláss, hans lag var allt í einu komið á plötuna,“ segir hún og viðurkennir að það hafi verið hræðileg vonbrigði þegar lagið var fjarlægð af plötunni á síðustu stundu.

Semur bara fyrir sjálfa sig

Heiðrún Anna hefur samið fyrir fleiri stóra aðila á ferlinum og var til að mynda fengin til að semja tónlist fyrir erlenda stórstjórn, sem hún vill ekki nefna á nafn, fyrir tilstuðlan bresku útgáfunnar EMI. EMI var að hennar sögn ánægt með lagið en stórstjarnan ákvað á endanum að nota það ekki. „Svona er þetta, maður er svo oft næstum búinn að meika það,“ segir hún og hlær. „Ég er alls ekki bitur eða leið en ég missti samt einhvern veginn áhugann á þessu harki. Var

líka komin með stóra fjölskyldu og fleira að hugsa um. Þannig að núna, í þessum breytta tónlistarheimi þar sem hver sem er getur gefið út eigið efni, þá sem ég bara fyrir sjálfa mig og það sem ég fíla.“


Horfir meira til Íslands en áður

Eins og fyrr sagði tók Heiðrún Anna þátt í **Söngvakeppni Sjónvarpsins** í ár. Hún hafði gaman af og segir að eftir keppnina hafi sér fundist vera rétti tíminn til að gefa út nokkur lög úr eigin smíðju, bæði gömul og ný. Eins sé hún farin að horfa meira til Íslands en áður. Hana langi mikið til að fara að gera tónlist með tónlistarfólki hér og styrka tengslin við íslensku senuna. „Já, ég er alltaf til í samstarf. Til dæmis gera remix af lögnum mínum. Það væri mjög gaman,“ segir hún. *Heiðrún Anna er í lengra viðtali á albumm.is*



„Ég var boðuð á fund hjá Simon Fuller eftir að hann hlustaði á lög in mín.“

Albúmm mælir með




Katharine Hamnett og Stefánsbúð/p3 taka höndum saman

■ „Við notum þá rödd sem tíska hefur gefið okkur til að mennta, upplýsa og hvetja fólk til að gera heiminn betri,“ segir í sameiginlegri tilkynningu Katharine Hamnett og Stefánsbúð/p3 um bol sem þau hafa hannað í sameiningu með boðskap sem stendur hjarta þeirra nærri. Katharine Hamnett er brautryðjandi í sjálfbærri hugsun, framleiðslu og samfélagsábyrgð innan tískuheimsins. **Hún verður í Stefánsbúð/p3 í dag, föstudaginn 29. mars klukkan 17, þar mun hún taka á móti gestum og kynna nýju bolina sem verða frumsýndir á HönnunarMars.**

Krúnudjásn íslenskrar rappflóru

■ Rappsveitin Úlfur Úlfur ætti að vera flestum Reykíkingum kunn enda fyrir löngu orðin krúnudjásn íslenskrar rappflóru. Föstudaginn 15. mars gaf Úlfur Úlfur út fyrsta lagið í hartnær tvö ár, eftir að hafa gefið út hvern stórmellinn á fætur öðrum fram að því og í tilefni af því treður hún upp á Húrra annað kvöld, laugardaginn 30. mars. **Tónleikarnir hefjast klukkan 22. Miða má nálgast á Tix.is.**



Mugison í Bæjarbíói

■ „Eitt af áramótaheitunum var að spila oftast með hljómsveitinni, til hvers að vera með bestu hljómsveit í heimi ef hún spilar ekkert opinberlega? Það er náttúrulega bara rugl. Svo er ég búinn að semja slatta nýjum lögum á íslensku sem við þurfum að fá að spila fyrir ykkur sem allra allra fyrst, hanaanú.“ Þetta segir tónlistarmaðurinn Mugison sem ætlar að blása til heljarinnar tónleika í Bæjarbíói, annað kvöld, laugardaginn 30. mars. **Hægt er að nálgast miða á Tix.is en tónleikarnir hefjast stundvíslega klukkan 21.**

Stafrænn Hákon sendir frá sér sitt metnaðarfullsta verk



■ Hljómsveitin **Stafrænn Hákon** hefur sent frá sér nýja plötu, **Aftur**, sem þykir vera metnaðarfullsta verk sveitarinnar hingað til. Áttán ár eru liðin frá því að sveitin gaf út fyrstu plötuna á eigin vegum. Platan þótti tilraunakennd og gróf enda hljóðrituð á fjögurra rása kassetutækni í kjallarabergeri í Breiðholti. Margt hefur breyst á þessum átján árum sem Stafrænn Hákon hefur starfað. Tíu stórar plötur hafa litið dagsins ljós og nú er þessi ellefta orðin að veruleika.

Eftir að hafa gefið út sönglausu (e. instrumental) plötuna **Hausi** árið 2017 var ákveðið að húða músíkina mýkri hljómi og sækja á ný í söngbarka flokksins. Niðurstaðan er tíu laga afurð þar sem sex þeirra eru sungin á íslensku og eitt á erlendu tungumáli. Þeir sem eru kunnugir hljómunum sveitarinnar ættu ekki að vera lengi að kveikja á þerunni því hér er vandað til verka og unnið með dýnamískan hljóðheim þar sem rafgítarar, ómmikill píanóleikur og akústísk hljóðfæri fá að njóta sín.



Mínimalísk og frumstæð tónlist

■ **Diagram** er nýtt sólóverkefni **Hákonar Aðalsteinssonar** úr hljómsveitinni **The Third Sound**. Myndband við fyrsta lag **Diagram**, **In my heart in my soul**, var frumsýnt á dögum og er hægt að nálgast það á **Albumm.is**

Tónlistin er mínimalísk og frumstæð hljóðgervla- og trommuheilatonlist undir áhrifum frá hljómsveitum á borð við **Suicide** og **Chrome** og kvikmyndatónlist **Johns Carpenter**, **Angelos Badalamenti** og **Claudio Simonetti (Goblin)** svo einhverjir séu nefndir. Plata frá **Diagram** sem ber heitið **Transmission Response** er væntanleg í maí og er það **Fuzz Club Records** sem stendur að útgáfunni.

Þess má annars geta að áðurnefnd sveitin **The Third Sound** er á leið í tónleikaferð um Þýskaland og Austurríki í apríl. Auk þess undirbýr sveitin endurútgáfu á annarri breiðskífu sinni, **The Third Sound of Destruction and Creation**, sem kom út árið 2013. Platan hefur verið uppseld í nokkur ár og hefur sveitin því sett af stað **kickstarter-söfnun** til að endurútgæfa plötuna á vinyli.



SVO MIKLU, MIKLU MEIRA Á ALBUMM.IS

Tónlist / Menning / Viðburðir / TV

Laugarnar í Reykjavík

Fyrir líkama og sál

fyrir alla
fjölskylduna

í þínu
hverfi

Frá
morgni
til kvölds



Sími: 411 5000
www.itr.is

Með bíladellu á háu stigi

Umsjón / Ragnhildur Aðalsteinsdóttir

Tónlistarmaðurinn Bjartmar Þórðarson sendi nýlega frá sér lag og myndband sem vakið hefur mikla athygli. Lagið heitir *New Today* og er af EP-Plötunni *Deliria*. Við fengum Bjartmar til að deila nokkrum staðreyndum um sig.

1 Ég er sjúkur í hryllingsmyndir og hef verið það síðan ég var krakki.

2 Ég er með bíladellu á háu stigi og er sérstaklega veikur fyrir skrítnum japönskum smábílum.

3 Auk þess að hafa lært leiklist og leikstjórn er ég líka bókmenntafræðingur.

4 Ég get hermt nokkuð nákvæmlega eftir GSM-síma sem titrar á borði. Ég hef látið fólk hlaupa af stað í leit að símanum sínum. Oft.

5 Ég er fáværur í gömul hús og finnst fátt skemmtilegra en að „bjarga“ þeim. Ég fer að iða ef ég sé ógeðslega íbúð.



„Er veikur fyrir skrítnum japönskum smábílum.“

Bjartmar Þórðarson.

Reynir að komast að kjarna einstaklingsins

Birna Pétursdóttir, leikari hjá Leikfélagi Akureyrar og sjálfstæður framleiðandi, var ung þegar hún ákvað að leggja leiklistina fyrir sig. Hún leikur í verkinu Gallsteinar afa Gissa sem nú er sýnt hjá Leikfélagi Akureyrar.

Texti / Ragnhildur Aðalsteinsdóttir

Hér er á ferðinni glænýr íslenskur söngleikur, fullur af skemmtilegri tónlist og frumlegum persónum,“ segir Birna. Sýningin er unnin upp úr samnefndri bók Kristínar Helgu Gunnarsdóttur og fjallar um systkinin Torfa og Grímu sem eru orðin þreytt á stjórnsemi foreldra sinna, hollum mat og heimalærdómi og leita til afa Gissa sem kann ráð við öllu. Afi Gissi er nýkominn úr gallsteinaaðgerð og færir þeim steinana sem reynast vera óskasteinar. Börnin óska sér og allt fer á hvolf hjá fjölskyldunni og börnin lenda í allskonar ævintýrum.

„Karl Ágúst Úlfsson sem leikur afa Gissa skrifaði verkið upp úr bók Kristínar Helgu og Þorvaldur Bjarni samdi alla tónlist auk þess að vera tónlistarstjóri verksins. Kristín Helga sjálf var líka töluvert með okkur á æfingatímabilinu. Það var einstakt að fá að setja upp sýningu þar sem allir höfundarnir voru með manni frá fyrsta degi ásamt leikstjóranum okkar, Ágústu Skúladóttur, sem er þaulreynd á því sviði.“

Vinnur að heimildarþáttum

Birna sem fer með sjö hlutverk í sýningunni var ung að aldri þegar hún fann sína hillu í leiklistinni. „Ég ákvað það víst sem smábarn og var mjög lítil þegar ég byrjaði að setja upp leikrit fyrir fjölskylduna, syngja og klæða mig upp á og halda allskonar sýningar. Litli bróðir minn fékk að finna fyrir því en hann lék iðulega aukahlutverk í þessum uppsetningum,“ segir hún brosandi.

Gallsteinar afa Gissa er ekki frumraun Birnu á sviði og hún hefur að auki starfað við fjölmiðla. „Við stofnuðum leikhópinn Umskiptinga árið 2016 og settum upp verkið Framhjá rauða

húsinu og niður stigann árið 2017 sem skilaði okkur Grímutilnefningu. Ég lék svo í síðustu sýningu LA, Kabarett, og næst er það svo Djákninn í leikstjórn Agnesar Wild, sem verður frumsýnt í maí. Svo erum við Umskiptingar að byrja vinnu á nýju barnaleikriti en við fengum stóran styrk og listamannalaun fyrir þá sýningu sem er algjörlega æðislegt. Ég hef þó aðallega unnið í sjónvarpi undanfarnin ár, rek framleiðslufyrirtækið Flugu Hugmyndahús með mannum mínum en heimildarþættirnir okkar, Í góðri trú, verða sýndir á RÚV á þessu ári.“

Finnst þér reynslan úr sjónvarpi nýttast í leiklistinni? „Það var æðislegt að

„Ég ákvað það víst sem smábarn og var mjög lítil þegar ég byrjaði að setja upp leikrit fyrir fjölskylduna.“

Birna Pétursdóttir, leikkona og framleiðandi.

vinna á RÚV en ég var umsjónarmaður Landans veturinn 2017-2018. Ég elska að vinna í dagskrárgerð fyrir sjónvarp og útvarp og finnst bara frábært að geta sinnt bæði leikhúsinu og dagskrárgerðinni. Þetta er vissulega ólíkt en á sama tíma er ég á báðum stöðum alltaf að vinna með fólki, kanna umhverfi mitt og reyna að komast að kjarna einstaklingsins og það er það sem er svo frábært við þessi störf. Að hlakka til að mæta í vinnuna á hverjum degi er svo dýrmætt.“

Kaflaskil fram undan

Birna er fædd og uppalin á Egilsstöðum en býr nú á Akureyri. Hún er gift Árna Þór Theodórssyni sem er pródúsent í fréttum á RÚV og á eina sex árstjúpdóttur, Astrid, sem Birna segir að sé miðjan í tilverunni þeirra. „Það er ágætt að búa á Akureyri, reyndar alveg frábært á meðan maður er í skemmtilegri vinnu með æðislegu fólki sem fyllir mann orku og gleði. Það verða þó kaflaskil hjá okkur í sumar en við erum að flytja til Reykjavíkur á vit nýrra og spennandi ævintýra.“



Hönnun

Umsjón / Ragnhildur Aðalsteinsdóttir

„Gefur rými þess aukíð aðdráttarafl“

Epil tekur þátt í HönnunarMars ellefta árið í röð með vandaðri sýningu á íslenskrí hönnun eftir fjölbreyttan hóp íslenskra hönnuða sem hafa náð góðum árangri á sínu sviði bæði hérlendis og erlendis. Linda Jóhannsdóttir, hönnuður og eigandi PASTELPAPER, frumsýnir borð á sýningunni.



Linda Jóhannsdóttir, hönnuður og eigandi PASTELPAPER. Mynd / Aldis Pálsdóttir



Linda frumsýnir sófaborðið B38 á HönnunarMars.

að vinna með önnur hraefni. B38 er 38x90, er úr gleri og stáli og er íslensk framleiðsla.“

Sýningin ber nafnið Íslensk hönnun í sinni litríkustu mynd og aðrir hönnuðir eru til dæmis: Anna Thorunn, Bryndís Bolladóttir, Guðmundur Lúðvík, Heiðís Halla, Hlynur Atlason og Sigga Heimis.

HönnunarMars í Epil, Skeifunni stendur yfir dagana 28.-31. mars 2019 og eru allir velkomnir.

Probi Mage LP299V® mjólkursýrugerlar - fyrir þarmaflóruna og varnir líkamans!



„Íðráðlaða þ.e. uppþemba, vindgangur, niðurgangur og/eða hægðatregða er ekki eðlilegt ástand til langs tíma og getur verið merki um ójafnvægi í þarmaflóru okkar. Ég mæli með Probi Mage LP299V® mjólkursýrugerlum.“
- Þorbjörg Hafsteinsdóttir næringarperapisti

abel heilsuvörur
www.abelheilsuvorur.is

Frábær HELGAR- TILBOÐ 28. mars - 3. apríl



GRILLPRO
ADVANCING THE ART OF GRILLING

25%

Tilboðsverð
Gasgrill
GrillPro 24025.
24.746
50657522
Almennt verð: 32.995

kílóvött **7,3** brennarar **2**

BOSCH

Tilboðsverð
Rafhlöðuborvél
Easy 1200 2 x 1,5Ah
13.226
74864070
Almennt verð: 18.895

Auka rafhl. fylgir

30%

barbecook

Tilboðsverð
Gasgrill
SPRING 300, grillflötur er 3x(21x43) cm, emileraðar grillgrindur, krómuð efri grind. Svart.
41.246
50686930
Almennt verð: 54.995

kílóvött **11,4** brennarar **3**

25%

BOSCH

Tilboðsverð
Háprýstidæla
Universal AQU 130.
130 bór, 380 l/klst, 7,8 kg, 1700 W, 3 í 1 stútur, sápuþox.
22.046
74810238
Almennt verð: 31.495

30%

Einhell

Tilboðsverð
Rafhlöðuborvél
TE-CD, 18V tvær 1,5 Ah rafhlöður fylgja með.
17.636
74826002
Almennt verð: 25.195

30%

BESTRON

Tilboðsverð
Eggjasuðutæki
350W fyrir 1 til 7 egg. Fyrir mjúk, miðlungs og harðsoðin egg. Auðvelt að þrifa.
2.396
65740048
Almennt verð: 2.995

20%

BESTRON

Tilboðsverð
Handþeytari
150 W, 5 hraðastillingar.
2.396
65740047
Almennt verð: 2.995

20%

RYOBI

Tilboðsverð
Sláttuorf og borvél
RYOBI sett með sláttuorfi og rafhlöðuborvél 18V, 2,0Ah rafhlaða og hleðslutæki fylgir með.
29.396
7133003727
Almennt verð: 41.995

30%

BYKO
GERUM ÞETTA SAMAN

Ánægðustu viðskiptavinirnir 2 ár í röð! Auðvelt að versla á byko.is



1. 14.500 kr



2. 35.500 kr



3. 6.900 kr



4. 45.000 kr



5. FRÁ 2.450 kr



6. 5.500 kr



7. 11.900 kr



8. 4.900 kr



9. 3.500 kr



10. 4.500 kr



11. 8.500 kr



12. 8.500 kr



13. 17.500 kr

ALLSKONAR NÝTT OG SKEMMTILEGT Í TEKK COMPANY



14. 500, 1.450, 2.900 kr



15. 1.900, 2.900, 3.500 kr



16. 8.500 kr



17. 2.500 kr



18. 4.500 kr



19. 3.950 kr



20. 2.500 kr



21. FRÁ 2.950 kr



22. 16.500 kr



23. 8.500 kr



24. 7.500 kr



25. 49.500 kr
3 BORD Í SETTINU



26. 75.000 kr



27. 28.000 kr
3 BORD Í SETTINU

SÓFA- OG MOTTUMARS



Rodeo Classic - lengd: 275 cm
Verð: 220.000 kr / M. afsl.: 198.000 kr

1.000 kr af seldri mottu rennur til Krabbameinsfélagsins í mars

Sófar
10-40% afsláttur
Allar mottur
-10 til -50%



1. 59.000 kr
Stærð: 160x230
M. afsl.: 53.100 kr



2. 49.000/75.000 kr
Stærð: 160x230/200x290
M. afsl.: 39.200/60.000 kr



3. 89.000 kr
Stærð: 170x240
M. afsl.: 69.000 kr



4. 49.000/75.000 kr
Stærð: 160x230/200x290
M. afsl.: 39.200/60.000 kr



5. 69.000 kr
Stærð: 170x240
M. afsl.: 55.200 kr



6. 75.000 kr
Stærð: 170x240
M. afsl.: 59.000 kr



7. 75.000 kr
Stærð: 200x290
M. afsl.: 60.000 kr



8. 85.000 kr
Stærð: 170x240
M. afsl.: 69.000 kr

habitat 



TEKK COMPANY OG HABITAT
SKÓGARLIND 2, KÓPAVOGI
SÍMI 564 4400 | OPIÐ MÁN-FÖS 10-18
LAU 11-17 OG SUN 13-17
VEFVERSLUN Á WWW.TEKK.IS

Síðast en ekki síst

Eftir / Stefán Pálsson

Hrottinn

■ Fyrir nokkrum árum bjó kunningjafólk mitt við hliðina á landsfrægum glæpamanni. Þetta var á þessum skringilega tíma þegar alræmdir handrukkarar og fíkniefnasalar töldust frægðarfólk á Íslandi og blöðin birtu fréttir af lífsstíl þeirra og afrekum í skemmtanalífínu. Nágranninn var sem sagt einn af þeim kunnari úr þessum þjóðfélagshóp.

Sem vænta mátti vorkenndu flestir fólkinu að sitja uppi með slíkan granna og spurðu varfærnislega út í sambúðina. Svörin komu örliði á óvart: ofbeldishrottinn var víst fyrirmyndar nágranni. Hann hélt aldrei parti heima hjá sér, greiddi samvisskusamlega sinn hlut í framkvæmdum, iðnaðarmenn mættu stundvíslega í öll verk í húsinu og innbrót og smáskemmdarverk heyrðu sögunni til í götunni. Enginn þjófur var svo bíráfenn að láta til sín taka á þessum slóðum.

Sagan um glæpagrannann fræga kemur upp í hugann þessa dagana í tengslum við 70 ára afmæli Atlantshafsbandalagsins. Innganga Íslands í Nató var samþykkt í skjóli ofbeldis gegn saklausum mótmælendum þann 30. mars árið 1949 og upp frá því hefur landið verið aðili að hernaðarbandalaginu.

Stuðningsmenn Nató halda því mjög á lofti að á starfstíma þess hafi ríkt friður í Evrópu. Sá friður er þó sömu gerðar og hlaust af sambýlinu við handrukkarann. Meðal aðildarþjóða Nató eru mörg helstu vopnaframleiðsluríki í heimi, sem ala á stýrjöldum um víða veröld. Blóðsúthellingar kalda stríðsins áttu sér ekki stað í Evrópu, heldur í þriðja heiminum þar sem risaveldin öttu saman leppum sínum og kostuðu milljónir mannlífa. Nató ber höfuðábyrgð á stríðum í Afganistan, Líbíu og víðar. Og kjarnorkuvopn eru hornsteinn í hernaðarstefnu Nató, sem áskilur sér réttinn til að nota þau að fyrra bragði.

Atlantshafsbandalagið ber beina og óbeina ábyrgð á dauða milljóna og ógnar tilvist mannkyns með háskalegustu vopnum sem smíðuð hafa verið. Að kalla það friðbera er jafnfráleitt og að kætast yfir að búa við hliðina á siðblindum glæpamanni.




KRÓNAN



Biti fyrir börnin
á meðan þú verslar

GERIÐ GÆÐA- OG VERÐSAMANBURÐ



GJÖF FYLGIR FERMINGARRÚMUM



Vandyck sængurverasett að eigin vali fylgir öllum fermingarrúmum



VALHÖLL

5 svæðaskipt heilsudýna

Pokagormakerfi, gæðabólstun. Verð með botni og fótum.

90x200 cm

Verð aðeins kr. 72.900.-

100x200 cm

Verð aðeins kr. 74.900.-

120x200 cm

Verð aðeins kr. 84.900.-

140x200 cm

Verð aðeins kr. 94.900.-

153x203 cm

Verð aðeins kr. 109.000.-

Ath. fleiri stærðir í boði.

SAGA / FREYJA

Hágæða 7 svæðaskiptar heilsudýnur

Pokagormakerfi, þrýstijöfnun í yfirdýnu, sterkir hliðarkantar, gæðabólstrum. Verð með botni og fótum

90x200 cm

Verð aðeins kr. 89.900.-

120x200 cm

Verð aðeins kr. 109.900.-

140x200 cm

Verð aðeins kr. 124.900.-

153x203 cm

Verð aðeins kr. 139.900.-

Náttsloppar og sængurföt

Mikið úrval - Flottar fermingargjafir

Sængur og koddar - Mikið úrval

20% afsl.

Flott fermingargjöt

Heilsukoddar - Mikið úrval

Flott fermingargjöt



Baldursnesi 6 - Akureyri



Listhúsið - Reykjavík

FERMINGAR tilboð

DELUXE

Hágæða sjö svæðaskipt heilsudýna sem styður rétt við líkamann

Aðlagast líkamanum og gefur betri öndun. Góð þrýstijöfnun og réttur stuðningur tryggir betra blóðflæði og þú færð dýpri og betri svefn. Verð með botni og fótum:

80x200 cm

Verð aðeins kr. 69.900.-

120x200 cm

Verð aðeins kr. 84.900.-

140x200 cm

Verð aðeins kr. 94.900.-

Ath. fleiri stærðir í boði.

Svefn & heilsa

★★★★★

Listhúsinu Laugardal - Sími 581 2233
Baldursnesi 6, Akureyri - Sími 461 1150
Opíð virka daga kl. 10:00 - 18:00
Laugardaga 12:00 - 16:00

FERMINGAR 2019



Powerbeats 3

Þráðlaus heymartól með hátt í 12 tíma rafhlöðu, eka Beats hljómgæði með Class 1 Bluetooth tækni og stillanlegar festingar.

Verð: 24.990



BEATS Solo3

Þráðlaus heymartól með allt að 40 tíma rafhlöðu, með Class 1 Bluetooth tækni og stillanlega eyrnarpúða.

Verð: 34.990



BEATS Studio3

Studio3 heymartólin eru kraftmeiri, tærari og færa þér gæðin sem tónlistarmaðurinn vill að þú upplifir.

Verð: 42.990



Apple AirPods

AirPods munu örugglega breyta því hvernig þú notar heymartól! Einfaldleiki og tækni sameinast á einstakan hátt og útkoman er töfrum líkust.

Verð: 26.990



Apple iPad mini 4

Físléttur - hann vegur aðeins 299 grömm. Með 64-bitu A8 örgjörva og vinnur mjög hratt. Endist allt að 10 tíma á fullri hleðslu.

Verð frá: 73.990

GULL | SILFUR | DÖKKGRÁR



Apple iPad

Hann vegur aðeins 469 grömm og því virkilega léttur og þægilegur í hendi. Hann er með 9,7" Retina skjá, hraðvirkum A10 örgjörva með 64-bitu vinnslu, öfluga þráðlausa tækni.

Verð frá: 59.990

GULL | SILFUR | DÖKKGRÁR



Apple iPad Pro

Nýr A12X Bionic örgjörvi er í iPad Pro 11" sem slær út flestar fartölvur á markaðnum hvað hraða varðar. Styður þráðlausa hleðslu á nýjum Apple Pencil (seldur sér) en hann smellur með segli á hliðina og hleður þannig pennann.

11" Verð frá: 144.990

SILFUR | DÖKKGRÁR

12,9" Verð frá: 179.990

SILFUR | DÖKKGRÁR



Apple Pencil

Apple Pencil fyrir iPad Pro 12,9" (1. og 2. kynslóð), iPad Pro 10,5" og iPad (6. kynslóð / 2018 módel) Skrifaðu á skjáinn eins og hann væri blað, eða teiknaðu af ótrúlegri nákvæmni.

Verð: 19.990



Wacom Intuos S

Góð teikniborð fyrir þá sem eru að taka fyrstu skrefin í teiknivinnu á Mac eða PC.

Intuos S

Verð: 14.990



Wacom Intuos þráðlaus

Wacom Intuos S / M Bluetooth er snerti- og teikniflötur, með penna. Góður fyrir þá sem eru að taka fyrstu skrefin í teiknivinnu á Mac eða PC.

Intuos S / M Bluetooth

Verð frá: 17.990



Wacom teikniborð / Intuos Pro

Í kassanum fylgir penni, pennastandur með 10 útskiptanlegum oddum (5 venjulegir, 1 flex, 1 stroke og 3 filt), USB snúra, frír hugbúnaður.

Intuos Pro S

Verð: 39.990



Kemur Aron Mola í ferminguna þína?

Fermingaleikur Epli



Fylgstu með okkur á Facebook og Instagram



Apple iPhone X ^S
 Apple iPhone X ^S Max
 Verð frá: **169.990**
 GULL | SILFUR | SVARTUR

Apple iPhone X ^R
 Tilboðsverð frá: **124.990**
 RAUÐUR | GULUR | HVÍTUR
 KÓRAL | SVARTUR | BLÁR



Apple Watch Series 3
 Með innbyggðu GPS mælir það hraða, skref, vegalengd og staðsetningu af mikilli nákvæmni, jafnvel án aðstoðar iPhone síma.
 Verð frá: **57.990** 38 42
 GULL | SILFUR | SVART

Apple Watch Series 4
 Series 4 hefur verið endurhannað frá grunni til að færa þér áður óþekkta eiginleika. Skjárinn er nú stærri og úrið þynnra en áður. Hinn nákvæmi hjartsláttarmælir getur varað þig við frávikum og mælir púlsinn reglulega.
 Verð frá: **74.990** 40 44
 GULL | SILFUR | SVART

Vinsælasta úr í heimi



*Vaxtalaus greiðsludreifing.
 Við bjóðum handhöfum VISA og Mastercard greiðslukorta vaxtalaus kortalán í verslun epli í allt að 6 mánuði.
 Við kaupverð bætist 3.5% lántökugjald og færslugjald nú 405 kr. við hvern gjalddaga.